


JÓHANNA JÓNAS

*Heillaðist strax af magadansinum*

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




BARNABÆKUR

*Ævintýraheimur fyrir yngstu kynslóðina*

sérblað um barnabækur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. nóvember 2008 — 309. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Bætt frekar en breytt

Stykkishólmsbær hlaut á laugardaginn skipulagsverðlaunin 2008 fyrir stefnu og framfylgd á deiliskipulagi.

TÍMAMÓT 17

### Með hagsmuni VR í huga



Gunnar Páll Pálsson kveðst hafa samþykkt að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna Kaupþings með hagsmuni VR í huga.

Í DAG 14

### Kolfinna og Ásdís hættar saman

Einum magnaðasta kvennadúett landsins stíað í sundur.

FÓLK 26



### Slær þeim bestu við

Aron Pálmarsson byrjaði feril sinn í efstu deild með látum.

ÍÞRÓTTIR 23

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Í BORGINNI** Í dag verður smám saman minnkandi vindur af norðri. Snjókoma eða él en þurrt og bjart suðvestan til. Frost yfirleitt 0-8 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

# Segir erindi Íslands ekki hafa borist IMF

**Fulltrúi Sviss í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir að ekkert formlegt erindi um aðstoð hafi borist frá Íslandi. Þetta kemur forsætisráðherra mjög á óvart. Erindi til stjórnar sjóðsins hafi farið héðan fyrir viku. Málið verði kannað.**

**EFNAHAGSMÁL** „Enn sem komið er, hefur ekkert formlegt erindi borist stjórn sjóðsins,“ segir Thomas Moser, fulltrúi Sviss í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hann segir einnig að Svisslendingar séu almennt jákvæðir í garð aðstoðar til Íslendinga, í tölvuskeyti í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Beiðni um aðstoð, eða samningur sjóðsins og Íslands, sem nefndur er „letter of intent“ á ensku, var send sjóðnum héðan þriðja þessa mánaðar.

„Ég veit ekki hvernig á þessu stendur. Það hlýtur að vera eitthvert innanhússkerfi hjá þeim sem stjórnar því hvað plögg ganga hratt til stjórnarinnar,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra sem bætir því við að sjóðurinn sé stór og þunglamaleg stofnun.

Hann segir að frá því bréfið var sent hafi íslensk stjórnvöld búist við því að málið kæmist á dagskrá.

„Ég vona að þessi dráttur sé ekki af neinum annarlegum ástæðum,“ segir Geir. Stjórnvöld hafi illan grun um að togað sé í spotta á bak við tjöldin vegna Icesave-málsins. Það sé þó ekki víst. Hann bætir því við að óskað verði skýringa á því að stjórnin hafi ekki fengið málið til umfjöllunar.

Samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er í að minnsta kosti þrjátíu liðum. Vaxtahækkun Seðlabankans var nítjándi liður samkomulagsins, samkvæmt tilkynningu bankans. Þar var rætt um „samningsgerð (letter of intent) á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins“.

Undir bréfið sem héðan fór í byrjun mánaðarins skrifuðu, fyrir Íslands hönd, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Davíð Oddsson seðlabankastjóri. **- ikh**



**SKIPTI** Obama og Bush funduðu í um eina og hálfa klukkustund í Hvíta húsinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaforsetar hittast:

## Obama í heimsókn hjá Bush

**WASHINGTON** Fyrsti fundur núverandi og tilvonandi forseta Bandaríkjanna, George W. Bush og Barack Obama, fór fram í Hvíta húsinu í Washington í gær. Talið er að efnahagsástandið og Íraksstríðið hafi verið efst á baugi í umræðum þeirra, sem tóku um eina og hálfa klukkustund.

Fundurinn var haldinn fyrr eftir kosningar en venja er. Þykir það til vitnis um hversu brýnt sé talið að forsetaskiptin gangi snurðulaust fyrir sig vegna efnahagsástandsins. **- kg**



**LANDSLIÐIÐ** Þeir Daníel Ágúst Haraldsson, Óttarr Proppé, Björn Jörundur Friðbjörnsson og Bubbi Morthens leika á als oddi fyrir fjölmiðlafólk í tilefni kynningar á allsherjar gleðidegi sem haldinn verður hátíðlegur á laugardaginn með þátttöku helstu poppara þjóðarinnar. Jakob Frímann Magnússon sniðgengur galgopaháttinn og dvelur svalur á kantinum. **Sjá síðu 20** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RÚV fari af auglýsingamarkaði:

## Þrjátíu þúsund skora á ráðherra

**FJÖLMIÐLAR** „Þetta er frábært. Ótrúlegur fjöldi. Undirskriftasöfnunin fór af stað fyrir rétt rúmri viku,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir framkvæmdastjóri Skjás eins. Hún berst fyrir lífi sjónvarpsstöðvarinnar og telur lykilatriði að breyta stöðu Ríkissjónvarpsins á auglýsingamarkaði.

Í gær höfðu tæplega 34.500 skráð sig á undirskrifalista þar sem skorað er á Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að leiðrétta skakka samkeppnisstöðu á auglýsingamarkaði vegna stöðu Ríkissjónvarpsins þar. Þetta er líklega ein stærsta íslenska undirskriftasöfnun sem efnt hefur verið til á Netinu. **- jbg /** **sjá síðu 26**

Ólafur Ragnar Grímsson telur að kjararáð eigi að lækka laun æðstu ráðamanna:

## Forsetinn vill lækka í launum

**KJARAMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, telur eðlilegt að laun forseta og annarra ráðamanna verði lækkuð í ljósi þeirra aðstæðna sem Íslendingar glíma nú við.

„Ég mundi fagna slíkri ákvörðun Alþingis eða kjararáðs og tel að hana eigi að taka sem fyrst,“ segir forsetinn í svari við könnun sem Fréttablaðið gerði meðal alþingismanna, ráðherra, borgarstjóra, hæstaréttardómara og forsetans.

Spurt var hvort eðlilegt væri að skerða laun æðstu stjórnmálamanna og embættismanna þjóðarinnar í ljósi þróunarinnar í efnahagsmálum og þá hversu mikið. Spurt var hvort viðkomandi vildi taka á sig sömu skerðingu og aðrir landsmenn.

Alls bárust tólf svör. Auk svars forsetans bárust svör frá þremur stjórnarþingmönnum og átta þingmönnum minnihlutans. „Verði almenn launaskerðing er sjálfsagt að þingmenn verði fyrir henni jafnt og aðrir,“ segir Guðbjartur Hannesson úr Samfylkingunni.

Kjararáð svarar því ekki hvort kjaraþróun í landinu verði tekin fyrir með launalækkun í huga. **- ghs**





sbarro®

lítill pastaréttur og brauðstöng

390 kr.



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 www.sbarro.is • sími 517 7750

Kaffirjómi í nýjum umbúðum

Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur Páll, fara ekki margir í fýlu án hákarls?*

*„Nei, nei, en svo gæti farið að menn þyrftu að þreyja þorrann án hans.“*

Útlitið er dökkt fyrir þorrablótin að sögn Guðmundar Páls Óskarssonar, fiskverkanda í Hnífsdal, þar sem ekki tekst að anna eftirspurn eftir hákarli.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins ræðir um Evrópusambandið í ljósi nýrrar stöðu:

# Nýr veruleiki kallar á nýtt mat

**STJÓRNMÁL** Í ljósi gjörbreyttrar stöðu eftir hrun bankakerfisins hefur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins rætt málefni Evrópusambandsins að undanförnu.

Margir þættir sem vega með og á móti aðild að sambandinu hafa breyst á skömmum tíma og er nýr veruleiki sagður kalla á nýtt stöðumat.

Raunar telja einstaka þingmenn ríka ástæðu til að taka alla utanríkisstefnu landsins til endurskoðunar. Samskipti við aðrar þjóðir gefi tilefni til þess. Er þar einkum átt við samskipti við Breta.

Innan Sjálfstæðisflokksins hefur verið hörð andstaða við aðild Íslands að Evrópusambandinu og í ályktun frá síðasta landsfundi segir að flokkurinn telji aðild ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar eins og málum sé háttað. Þó sé mikilvægt að sífellt sé í skoðun hvernig hagsmunum landsins verði best borgið í samstarfi Evrópuríkja.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fjallaði ítarlega um Evrópumálin í vor en ekki urðu áherslubreytingar í afstöðunni til málaflokksins.

Lagt er upp í umræðurnar nú undir því fororði að niðurstöðurnar séu ekki gefnar fyrirfram.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki litið svo á innan þingflokksins að nýtt mat á Evrópumálum sé forgangsverkefni stjórnmálanna; önnur viðfangsefni séu brýnni í augnablikinu. - bþs



**FRÁ ALÞINGI** Evrópumálin eru rædd á vettvangi þingflokks Sjálfstæðisflokksins þessa dagana.

Tíð innbrot í gróðrarstöðvar:

## Ásókn í gróðurhúsalampana

**LÖGREGLUMÁL** Mikil ásókn virðist vera í gróðurhúsalampa þessa dagana, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Selfossi. Á rúmlega viku hefur verið brotist inn í þrjár gróðrarstöðvar og lömpum stolið. Aðfaranótt síðastliðins miðvikudags var brotist inn í gróðurhús við Gróðurmörk og þaðan stolið ellefu 600 watta lömpum.

Aðfaranótt laugardags var brotist inn í gróðrarstöð í Laugarási og sjö 600 watta lampar numdir á brott. Talsvert tjón er af þessu þar sem lampar af þessu tagi kosta á milli 20 og 30 þúsund krónur. - jss

Evrópusambandið:

## Hyggst draga úr fiskveiðum

**BELGÍA, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur til að dregið verði mjög úr fiskveiðum í norðaustanverðu Atlantshafi á næsta ári.



JOE BORG

Veiðar á nærri 30 fiskistofnum verði minnkaðar verulega, í sumum tilfellum um helming, og algert bann verði lagt við veiðum á nokkrum stofnum að auki.

„Við þurfum að veiða minna um hríð,“ segir Joe Borg, sem fer með fiskveiðimál í framkvæmdastjórn ESB. Hann segir að ofveiði hafi valdið því, að fækkað hafi verulega í mörgum fiskistofnum.

Verndaraðgerðir hafi þó skilað þeim árangri að sumir stofnar hafa lagast, en „þessar góðu fréttir eru undantekningar, ekki reglan“. - gb

Útgáfufélag Viðskiptablaðsins:

## Framtíðarsýn segir öllum upp

**EFNAHAGSMÁL „Við erum ákaflega leiðir yfir því að þurfa að segja hæfu fólki upp,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, framkvæmdastjóri Framtíðarsýnar útgáfufélags Viðskiptablaðsins. Öllum starfsmönnum félagsins, um fjörutíu talsins, var í gær sagt upp störfum.**

**Í tilkynningu frá félaginu segir meðal annars: „Erfitt rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur mjög verið til umfjöllunar undanfarið – er þar ekki einasta rætt um efnahagslægð sem dregur úr allri umsetningu, heldur bætist við brengluð samkeppni á auglýsingamarkaði.“**

**Haraldur segir að hér eftir verði aðeins eitt tölublað gefið út í viku en rekstur fréttavefsins www.vb.is verði óbreyttur.** - kdk, kg

# Bresk hergögn send af stað til Íslands

**Taka þarf ákvörðun í dag um hvort hætta eigi við komu breskrar flugsveitar til loftrýmisgæslu í desember. Kostnaður við heimsóknina er áætlaður um það bil 25 milljónir króna. Koma Bretanna er til endurskoðunar vegna niðurskurðar.**

**VARNARMÁL** Ef hætta á við komu breskrar flugsveitar til loftrýmisgæslu á Íslandi í desember þarf ákvörðun um það að koma í dag. Komi hún seinna verða gámar með hergögnum þegar lagðir af stað til landsins með skipi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Talsmaður breska varnarmálaráðuneytisins segir enn ekki ákveðið hvort af loftrýmiseftirlitinu verði. Bresk stjórnvöld hafi boðið fram flugsveit en íslensk stjórnvöld virðist ekki hafa gert upp við sig hvort boðið verði þegið.

Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að skilningur ráðuneytisins sé sá að af heimsókninni verði nema annað verði ákveðið.

Verið er að vinna að hugmyndum um sparnað í utanríkisráðuneytinu. Urður staðfestir að meðal þeirra sparnaðaraðgerða sem séu til umræðu sé að hætta við heimsókn flugsveitarinnar. Hún tekur þó fram að engin ákvörðun hafi verið tekin um slíkt. Urður segir vinnu við niðurskurð „á síðustu metrunum“. Heimildarmaður sem vel þekkir til segir að tilkynnt verði um niðurstöðuna í dag.

Loftrýmiseftirlit á vegum ríkja Atlantshafsbandalagsins er til komið að beiðni Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Með því brugðust stjórnvöld við brotthvarfi bandaríska varnarliðsins. Ætlað er að þær þjóðir sem séu tilbúnar til að leggja fram flugsveitir komi með óreglulegu millibili í stuttan tíma í senn til að sinna eftirlitinu.

Össur Skarphéðinsson, þá starfandi utanríkisráðherra, sagði eftir ríkisstjórnarfund 17. október að honum fyndist það ekki við hæfi á þeirri stundu að Bretar kæmu með þessum hætti Íslandi til varnar. Það myndi „misbjóða þjóðarstolti Íslendinga“. Vísaði hann þar í aðgerðir breskra stjórnvalda gegn Landsbankanum og öðrum íslenskum fyrirtækjum í Bretlandi. Aðrir ráðherrar tóku ekki svo sterkt til orða.

Í fjárlögum er áætlað að kostnaður við hverja heimsókn erlendrar flugsveitar sé um 50 milljónir króna. Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, segir að kostnaðurinn við heimsókn Bretanna verði ekki svo mikill. Áætlað sé að hann verði um það bil 25 milljónir króna. Verið sé að ræða við Breta um að þeir taki þátt í þeim kostnaði.

Fyrirhugað er að loftrýmiseftirlit bresku flugsveitarinnar hefjist 8. desember, og standi til 20. desember. brjann@frettabladid.is



**FRANSKAR LOFTVARNIR** Það sem af er árinu hafa tvær flugsveitir komið hingað til lands til eftirlits, frá Frakklandi og Bandaríkjunum. Reiknað er með komu danskrar sveitar í mars á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR



URÐUR GUNNARSDÓTTIR

Geir H. Haarde um kosningar:

## Ekki áformaðar að svo stöddu

**ALÞINGI Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur ekki uppi áform um að flýta kosningum að svo stöddu. Hann upplýsti það á Alþingi í gær í svari við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG.**



GEIR H. HAARDE

**Það er skoðun Steingríms að efna beri til kosninga í síðasta lagi í vor. Steingrímur sagði svar Geirs óskynsamlegt enda veruleikafirring að horfast ekki í augu við að kjósa þurfi innan skamms.** - bþs

Rannsókn á bankahruninu:

## Bankaleynd vikið til hliðar

**ALÞINGI** Með sérstökum lögum um rannsókn á aðdraganda bankahrunsins verður bankaleynd afnumin þar sem þess er talin þörf.

Frumvarp þess efnis verður lagt fram á Alþingi í vikunni. Frumvarpið er unnið í samstarfi allra flokka undir forystu þingforseta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt að rannsóknin muni ná mörg ár aftur í tímann. Enn fremur mun í frumvarpinu kveðið á um víðtækar heimildir til handa rannsóknaraðila. - kg

### HAFNARFJÖRÐUR

**Ágreiningur um greiðslur**

Norski rækjutogarinn Remøy Viking hefur verið í kvínni í Hafnarfjarðarhöfn þó að viðgerð á stýri hafi lokið fyrir rúmri viku. Ástæðan er ágreiningur um greiðslur og bankatryggingar í bankakreppunni á Íslandi.


ÆÐISGENGINN FLÓTTI
OFSÓKNIR OG UPPLJÓSTRANIR

**Guðjón Ólafsson** vaknar á sjúkrahúsi og hefur misst minnið. Hvað gerðist? Lenti hann í slysi? Var það slys? Hvaða ókunni maður kom að honum og bjargaði lífi hans?

**Algleymi** er ný skáldsaga eftir **Hermann Stefánsson**, einn fyndnasta og frumlegasta rithöfund okkar daga.




BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9


Bjarni Harðarson fól aðstoðarmanninum að senda nafnlaust bréf til fjölmiðla:

# Vildi nafnlaust bréf um Valgerði

**STJÓRNMÁL** „Þetta var svona í gamni gert bara,“ segir Bjarni Harðarson, alþingismaður Framsóknarflokksins, sem fól í gær aðstoðarmanni sínum að áframsenda trúnaðarbréf tveggja framsóknarmanna til fjölmiðla frá nafnlausu netfangi sem aðstoðarmaðurinn átti að útbúa.

„Við höfðum þetta í flimtingum milli okkar í samtali en ég ætlaðist ekki til að þetta yrði tekið alvarlega,“ segir Bjarni um fyrirmæli sín til aðstoðarmannsins sem Bjarni sendi honum í tölvupósti og einnig í ógáti á helstu fjölmiðla.

Framsóknarmennirnir Gunnar Oddsson og Sigtryggur Jón Björnsson í Skagafirði hafa átt í bréfaskriftum við Valgerði Sverrisdóttur, alþingismann Framsóknarflokksins og fyrrverandi viðskiptaráðherra, um þátt hennar í einkavæðingu bankanna. Í bréfi sem þeir sendu Valgerði í gær gagnrýna þær hana afar harðlega fyrir þátt hennar í einkavæðingu bankanna. Hvorugur þeirra kveðst hafa gefið leyfi fyrir því að senda bréfið til fjölmiðla.

Auk þess sem bréf Skagfirðinganna var sent Valgerði barst það þingmönnum Framsóknarflokksins og örfáum öðrum, alls sextán manns.

Bjarni kveðst hafa velt því fyrir sér að senda bréfið á fjölmiðla en fallið frá því. Hann sendi fjölmiðlum í gær ósk um að tölvuskeyti hans til aðstoðarmannsins yrði eytt. Hann segist undrast að fjölmiðlar skuli ekki verða við þeirri ósk heldur nota slíkar upplýsingar sem þeim berast fyrir misgáning til „að koma höggi á menn“. - gar



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG BJARNI HARÐARSON** „sæll, hér er merkilegt bréf. ertu til í að búa til anymous netfang og senda þetta úr því á alla fjölmiðla. -b.“ segir í tölvupósti þingmannsins til aðstoðarmannsins.




Stórbrotin ævisaga úr íslenskum samtíma!

KOMIN Í VERSLANIR!

# MÖGNUÐ ÆVISAGA!



**Magnea Guðmundsdóttir** hefur mætt margs kyns mótlæti í lífinu, reynt ýmislegt en ekki látið neitt stöðva sig – hvorki barnamissi né annað andstreymi. Hún stendur óbuguð eftir og segir nú sögu sína sem á sér enga sína líka.

**Sigmundur Ernir Rúnarsson** skrifar einstaka sögu Magneu; ógleymanlega ævisögu sem lætur engan ósnortinn.

Veröld

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

## GENGIÐ 10.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,47 | 129,09 |
| Sterlingspund | 202,73 | 203,71 |
| Evra | 165,54 | 166,46 |
| Dönsk króna | 22,225 | 22,355 |
| Norsk króna | 19,017 | 19,129 |
| Sænsk króna | 16,553 | 16,649 |
| Japanskt jen | 1,2910 | 1,2986 |
| SDR | 191,05 | 192,19 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 222,6054

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ummerki benda til þess að gleðskapur hafi verið í sumarhúsinu í Grímsnesi:

# Hinn látni með áverka á höfði

**LÖGREGLUMÁL** Ljóst þykir af ummerkjum í sumarbústaðnum í Grímsnesi, þar sem látinn karlmaður fannst um helgina, að þar hafi gleðskapur verið í gangi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Eftir því sem næst verður komist voru áverkar á höfði mannsins. Staðfest hefur verið að þeir voru af mannavöldum. Dánarorsök mannsins er þó ekki ljós þar sem niðurstaða réttarkrufningar liggur ekki fyrir.

Þá er beðið niðurstöðu vettvangsrannsóknar sem tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafði með höndum.

Fjögur sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Þau voru öll úrskurðuð í varðhald til 28. nóvember næstkomandi. Þrjú þeirra, karlmaður og tvær konur, voru handtekin fyrir austan en sá fjórði, sem er karlmaður, var handtekinn skömmu síðar í Reykjavík. Fólkið er á aldrinum 18 til 32 ára. Maðurinn sem lést var fæddur árið 1970. Fólkið hefur verið búsett hér að undanförnu, en það er allt samlandar frá Austur-Evrópu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. - jss



**VETTVANGSRANNSÓKN** Lögregla höfuðborgarsvæðisins sá um vettvangsrannsókn í sumarbústaðnum.

Systurfélög BSRB:

# Ríkisstjórnir styðji Ísland

**VINNUMARKAÐUR** Félög opinberra starfsmanna á Norðurlöndum, NOFS, styðja Íslendinga og skora á ríkisstjórn landa sinna að styðja íslensku þjóðina. Um leið hafa þau opnað á möguleikann að geta stutt félaga hvers annars í gegnum landssamböndin.

Í ályktuninni kemur fram að NOFS lýsi yfir samstöðu sinni og stuðningi við íslensku þjóðina almennt og sérstaklega við BSRB. „Fulltrúar stéttarfélaganna í norrænu löndunum hvetja ríkisstjórn sína til að styðja Ísland þannig að íbúarnir þurfi ekki að líða fyrir frelsi markaðskraftanna.“ - ghs

# Pólverjar vilja taka þátt í uppbyggingu

**Útlit er fyrir að um 10 þúsund útlendingar verði á vinnumarkaði í árslok miðað við 17.500 í fyrra. Pólskur ráðgjafi segir að landar sínir sem standi vel að vígi vilji hjálpa til við uppbygginguna nýs Íslands.**

**ATVINNUMÁL** Vinnumálastofnun áætlar að um 13 þúsund útlendingar séu nú á vinnumarkaði og að þeir verði um tíu þúsund í árslok. Fyrir ári voru þeir hins vegar um 17.500 að sögn Karls Sigurðssonar, forstöðumanns vinnumálasviðs hjá Vinnumálastofnun.

Miroslaw Luczynski, ráðgjafi hjá Alþjóðahúsinu, segir að löndum sínum, Pólverjum, hafi hugsanlega fækkað um 2.500 til 3.000 á síðustu tveimur mánuðum. „En svo er það stór hópur sem hefur fest rætur hér og það er ekkert fararsnið á honum,“ segir hann. „Margir þeirra hafa ekki skuldsett sig en frekar safnað og sjá því að þeir standa betur að vígi en margur og þeir vilja því hjálpa til við að byggja upp nýtt Ísland, til dæmis með því að stofna lítil fyrirtæki og útvega þannig vinnu. Það er bara þannig, að ef þú gengur oft sömu götuna verður hún gatan þín og ef þú horfir oft á Esjuna verður hún Esjan þín.“

Hann segir enn fremur að flestir Pólverja fari ekki á atvinnuleysisbætur lengur en í einn til tvo mánuði. „Vinnan er fyrir marga þeirra helsta tenging við samfélagið og ef hún er ekki til staðar finnst þeim þeir ekkert hafa hér að gera. Það er líka gott að menn séu ekki lengi á bótum því þær hrökkva skammt svo það er ekkert hægt að gera nema reyna að lifa af og þannig ástand getur oft leitt til félagslegra vandamála.“

Í síðustu viku stóðu Alþjóðahús og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur fyrir málþingi um atvinnumál útlendinga á Íslandi. Þar kom fram í máli Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra og deildarstjóra félagsmáladeildar Alþýðusambands Íslands, að samkvæmt könnun sambandsins þyki 34 prósentum fólks á aldrinum 18 til 35 ára það eðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara en útlendingar. Könnunin var gerð síðastliðið sumar. „Það sem kom okkur nokkuð á óvart var að meðal þeirra sem yngri eru, til dæmis í hópnum frá 18 til 20 ára þá var þetta hlutfall jafnvel hærra,“ segir Halldór. „Við verðum að bregðast við þessu því slík viðhorf geta verið frjó gróðrarstía fyrir útlendingaandstyggð.“ jse@frettabladid.is

**ÁÆTLAÐUR FJÖLDI ÚTLENDINGA Á VINNUMARKAÐI**

| | |
|---|---|
| nóvember 2008 | 13.000 |
| árslok 2008 | 10.000 |
| árslok 2007 | 17.500 |



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**RÁÐGJAFINN AÐ STÖRFUM** Miroslaw Luczynski telur að tæplega 3.000 Pólverjar hafi yfirgefið landið á síðustu tveimur mánuðum en margir þeirra sem fest hafi rætur hér séu nú að huga að uppbyggingunni.

*Telur þú eðlilegt eða óeðlilegt að Íslendingar njóti betri kjara og réttinda en útlendingar sem koma hingað til að vinna?*




Fólk á aldrinum 18 til 35 ára var spurt í könnun á vegum ASÍ.



**FÍKNIEFNI** Þrjár tegundir fíkniefna voru teknar í fimm málum.

Lögreglan í höfuðborginni:

# Fimm teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Fimm fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir helgina.

Við sögu komu fimm karlmenn. Þeir voru allir teknir í Reykjavík, þrír í miðborginni og einn í Hlíðunum og Árbæ. Í fórum þeirra fannst ýmist hass, amfetamín eða marijúana. Tveir mannanna eru á þrítugsaldri, tveir á fimmtugsaldri og einn um tvítugt. - jss

Kjarasamningur framlengdur:

# Lögreglumenn samþykktu

**KJARAMÁL** Lögreglumenn hafa samþykkt með miklum meirihluta framlengingu kjarasamnings.



**SNORRI MAGNÚSSON**

Alls voru 709 á kjörskrá. Af þeim kusu 513. Alls sögðu 440 já, 60 sögðu nei og 13 skiluðu auðu.

„Við erum ánægðir með þennan árangur í ljósi þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna. „Við fáum hækkun upp á 20.300 kr., sem er það sama og aðrir hafa fengið. Þá eru ákvæði varðandi líkamsræktarmál, sem er algjört nýmæli.“ Samningurinn gildir til 21 maí. - jss



**ILLRÆMDAR FANGABÚÐIR** Hundruð fanga eru þar án dóms og laga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama:

# Undirbýr lokun Guantánamo

**BANDARÍKIN, AP** Ráðgjafar Baracks Obama, nýkjörins forseta Bandaríkjanna, vinna nú að undirbúningi þess að tugir eða jafnvel hundruð fanga verði fluttir frá Guantánamo á Kúbu til Bandaríkjanna, þar sem þeir verða dregnir fyrir venjulegan dómstól.

Hugmyndin er sú að sumir fanganna verði látnir lausir, en hugsanlega gæti þurft að stofna nýjan dómstól fyrir þriðja hópinn, sem tengist viðkvæmum ríkisleyndarmálum sem ekki mega koma fyrir almennings eyru.

Obama hefur lengi gagnrýnt starfrækslu fangabúða Bandaríkjahers á Kúbu og sagt þær vera „dapurlegan kafla í sögu Bandaríkjanna“. - gb

**REYKJAVÍKURBORG**

### Nepalskur matur

Innrétta á veitingastað sem framreiðir indverskan og nepalskan mat á þremur hæðum á Laugavegi 60 samkvæmt umsókn B.R.A.S. ehf. til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Á Laugavegi 60 er meðal annars Tískuhúsið Ziksak.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VÍÐAST FROST** Það er ekki hlýindum fyrir að fara þennan daginn. Frost um meginhluta landsins í dag og á morgun koma fremur veikluleg hlýindi upp að sunnanverðu landinu. Þau ná illa inn á norðanvert landið og því verður áfram frost þar að minnsta kosti til landsins. Eins og staðan er nú gæti hlýnað á landinu öllu á sunnudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 10° |
| New York | 10° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 4° |
| París | 14° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

LÁTUM HJÓLIN SNÚAST!

# BÍLAOUTLET



Þú þarft ekki að bíða lengur!

# NÚ SETJUM VIÐ ALLT Í GANG Á KORPUTORGI!

Ótrúleg opnunartilboð!!!

NÝR STAÐUR | STÆRRI SALUR | ENN BETRA VERÐ!

BÍLAOUTLET



2200 m² sýningarsalur!!!

Opið í dag: 11-19

Korputorgi. S: 575 12 30 | Opið: mán-fös 11-19, lau 10-18, sun 12-18 | www.bilaoutlet.is

BÍLAOUTLET

ENNEMM / SÍA / NM35803

## KJÖRKASSINN



*Hefði átt að gera íslensku bönkunum kleift að gera upp í evrum?*

| | |
|---|---|
| Já | 84% |
| Nei | 16% |

*Finnst þér stjórnvöld á Norðurlöndum hafa reynst okkur vel í efnahagsvandanum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Telur EES rétta farveginn fyrir lausn á deilu Íslendinga við Breta og Hollendinga:

# Undrast tvíhliða viðræður

**STJÓRNMÁL** EES-samningurinn er rétti farvegurinn fyrir lausn á deilum Íslendinga við Breta og Hollendinga.

Þetta er mat Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar og formanns Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

„Það hefði verið eðlilegra að málin hefðu farið í einhvern farveg innan EES í stað þess að ræða þau tvíhliða,“ segir Katrín.

Deilan snýst um innstæður í útibúum íslensku bankanna í Bretlandi og Hollandi, og eftir atvikum í öðrum Evrópuríkjum. Greinir þjóðirnar á um hvernig tryggingum vegna innstæðnanna skuli hagað eftir hrun bankanna. Hefur Geir H. Haarde forsætisráðherra sagt að finnist ekki lausn með viðræðum sé ekki óeðlilegt að dómstólar skeri úr um enda grundvallast málið á ólíkum skilningi alþjóðalaga.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín bendir á að íslensku bankarnir hafi starfað í öðrum ríkjum Evrópu í krafti EES-samningsins. Samningurinn hafi í raun afmáð landamæri milli ríkjanna en nú, þegar deilur ríkja, séu þau sömu landamæri orðin til á ný.

Hún tekur fram að hún viti ekki fyrir víst hvort gerlegt hefði verið að leysa deiluna á vettvangi EES en það hefði í það minnsta verið réttur farvegur sáttatilrauna.

Málið hefur vakið Katrínu til umhugsunar um áhrif fjármálakreppunnar á EES-samninginn og lagði hún til á fundum þingmannanefnda EFTA og EES í Brussel í vikunni að slík áhrif yrðu skoðuð. Var henni í framhaldinu falið að skoða það á næstu mánuðum ásamt þýskum þingmanni á Evrópuþinginu. **- bþs**

Stórfelldar líkamsárásir:

# Missti meðvitund eftir árás

**LÖGREGLUMÁL Lögregla á Selfossi rannsakar nú tvö alvarleg líkamsárásarmál sem upp komu aðfaranótt sunnudags. Í öðru tilvikinu sló maður annan í höfuðið með flösku fyrir utan skemmtistaðinn Hvíta húsið á Selfossi. Hann lét ekki þar við sitja og sló annan mann nokkur hnefahögg í andlitið. Árásarmaðurinn var handtekinn og yfirheyrður á lögreglustöð.**

**Þá réðst unglingur á mann á sextugsaldri á Stokkseyri og skallaði í höfuðið með þeim afleiðingum að maðurinn missti meðvitund. Unglingurinn var handtekinn og yfirheyrður. - jss**






**SITUR ENN** Jón Ásgeir Jóhannesson situr enn sem stjórnarformaður fjölmiðlafyrirtækisins 365, þrátt fyrir að hafa hlotið dóm sem lögum samkvæmt útilokar hann frá stjórnarsetu í þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hættur stjórnarsetu í sautján fyrirtækjum

**Jón Ásgeir Jóhannesson segir ásakanir um að hann brjóti lög með setu í stjórnum íslenskra fyrirtækja í kjölfar dóms í Baugsmálinu hluta af rógsherferð. Lögmaður hvetur Hlutafélagaskrá til að bregðast við. Þar er málið sagt í skoðun.**

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður fjölmiðlafyrirtækisins 365, segir að hann hlíti lögum um að hætta setu í stjórnum íslenskra fyrirtækja. Hann hafi þegar sagt sig úr stjórnum sautján fyrirtækja.

Páll Ásgrímsson lögmaður benti á í aðsendri grein í Morgunblaðinu í gær að Jón Ásgeir sæti enn í stjórnum þrettán fyrirtækja, þrátt fyrir ákvæði um hæfi stjórnarmanna í hlutafélagalögum. Þar segir að menn megi ekki sitja í stjórnum fyrirtækja í þrjú ár eftir að þeir hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í rekstri fyrirtækis. Jón Ásgeir hlaut þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm í hinu svokallaða Baugsmáli 5. júní síðastliðinn.

Jón Ásgeir segist ósáttur við þetta ákvæði laganna en hann muni hlíta því. Hann segist fylgja leiðbeiningum Hlutafélagaskrár um hvernig standa skuli að því að hætta í stjórn í kjölfar dóms. Þar komi fram að krefjist aðrir stjórnarmenn ekki afsagnar skuli stjórnarmaðurinn víkja á næsta aðalfundi.

„Þetta er ótrúlega ósmekklega sett fram [hjá Páli], það er gefið í skyn að ég sé lögbrjótur á forsíðu Morgunblaðsins,“ segir Jón Ásgeir. „Ég hef sagt mig úr 17 stjórnum frá því að dómurinn féll, af hverju minnist hann ekki á það,“ spyr Jón Ásgeir. Hann segir grein Páls hluta af smjörklípuaðferð manna í rógsherferð gegn 365.

Páll skoraði á forstöðumann Hlutafélagaskrár að bregðast við, og á viðskiptaráðherra, bregðist Hlutafélagaskrá skyldum sínum.

Svala Hilmarsdóttir, deildarlögfræðingur og staðgengill forstöðumanns Hlutafélagaskrár, segir að stjórnarseta Jóns Ásgeirs sé til skoðunar hjá Hlutafélagaskrá. Hún vildi ekki upplýsa hvenær reikna mætti með niðurstöðu úr þeirri skoðun.

Páll sagði einnig í grein sinni að vanræksla Jóns Ásgeirs á því að segja sig úr stjórnum gæti varðað við grein hlutafélagalaga sem fjallar um tilkynningar til Hlutafélagaskrár. Brot á þeirri lagagrein geti varðað sektum eða allt að eins árs fangelsisvist.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir að það sem fram kom í grein Páls verði rætt innan stofnunarinnar. Hann segist hafa talið að eðlilegur framgangsmáti slíkra mála væri sá að Hlutafélagaskrá kærði meint brot á þessum reglum, en útilokaði ekki að málið yrði kannað nánar hjá Ríkislögreglustjóra. **brjann@frettabladid.is**

**Neytendur:** Það borgar sig alltaf að bera saman verð

# *Valdi rétt apótek og sparaði*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Hver króna er dýrmæt fyrir venjulegt fólk. Hægt er að spara með því að bera saman verð á útsölustöðum í stað þess að rétta hugsunarlaust fram kortið. Hannes þurfti að gera stórinnkaup í apóteki og bar saman tvö apótek á sama svæði. *„Mig vantaði hitt og þetta,“* skrifar Hannes. *„Læknirinn hafði skrifað upp á tvö krem fyrir mig vegna sveppasýkingar. Svo var kominn tími á nýjar birgðir af blóðþrýstingstöflunum. Einnig er ég að myndast við að hætta að reykja og vantaði nikótíntyggjó. Það hefur að vísu hækkað svo svakalega að undanförnu að maður er bara að spá í að hætta á tyggjóinu og taka út sitt „cold turkey“. Þá vantaði mig Carbamid-krem fyrir þurra húð og varasalva á þurrar varir. Ég hafði heyrt að Lyfjaver væri ódýrt apótek og að Lyfja dýrt. Ég ákvað því að athuga verðið hjá þessum tveimur stöðum, Lyfjaveri á Suðurlandsbraut og Lyfju í Lágmúla. Lyfjaver var ódýrara í öllum tilfellum og ég sparaði mér næstum því þrjú þúsund krónur með því að velja rétt apótek. Niðurstöður mínar koma hér.“*

**VERÐMUNUR Í APÓTEKUM:**

| Vörutegund | Lyfjaver | Lyfja |
|---|---|---|
| Pevisone-krem 30g | 2.434 kr. | 2.693 kr. |
| Lamisil-krem 10 mg/g, 30 g | 3.281 kr. | 3.582 kr. |
| Atacand 8 mg, 98 töflur | 2.186 kr. | 3.350 kr. |
| Nicotinell Mint/4 mg/204 stk. | 7.530 kr. | 8.243 kr. |
| Labello classic varasalvi | 207 kr. | 247 kr. |
| Carbamid-krem 10% | 538 kr. | 791 kr. |
| Samtals | *16.176 kr.* | *18.906 kr.* |
| | **Mismunur:** | **2.730 kr.** |


Íslenskt hugvit
– okkar hagur!
Veljum íslenskt!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða fimleikakappi varð þriðji í fjölþraut á Norður-Evrópumótinu í áhaldafimleikum um helgina?*

**2.** *Hversu margir jólapakkar verða sendir til barna í Úkraínu eftir söfnun KFUM og K?*

**3.** *Hvað heitir nýjasta plata hljómsveitarinnar Slugs?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU XX

Þingmenn úr öllum flokkum vilja takmarka ábyrgðir vegna viðskipta þriðja aðila:

# Lán miðist við greiðslugetu

**ALÞINGI** Dregið er úr vægi ábyrgða og stuðlað að því að lánveitingar miðist við greiðslugetu og tryggingar lántaka í nýju frumvarpi um ábyrgðarmenn.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, er fyrsti flutningsmaður en meðflutningsmenn eru þingflokksformenn Sjálfstæðisflokks, VG og Frjálslyndra, formaður Framsóknarflokksins og formenn viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Rauði þráðurinn í frumvarpinu er sá að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem felst í ábyrgð áður en hann gengst undir hana. Mælt er fyrir um að ef krafa er tilkomin vegna persónulegrar ábyrgðar verði ekki gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns sem hann býr í.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** vill að ábyrgðir þriðja aðila á lánum verði takmarkaðar.

Þá er kveðið á um að lánveitanda beri skylda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum og á láveitandi að ráða ábyrgðarmanni með skriflegum hætti frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Í greinargerð frumvarpsins segir að mörg dæmi séu um að forsenda lánveitingar sé endurgjaldslaus ábyrgð þriðja aðila. Afleiðingar slíks hafi oft verið mjög íþyngjandi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild. **- bþs**

Edda Rós Karlsdóttir:

# Áhætta fólgin í frystingu lána

**EFNAHAGSMÁL** Nokkur áhætta er fólgin í því að frysta afborganir af erlendum íbúðalánum strax, enda ekki hægt að útiloka að krónan verði enn veikari en hún er nú þegar frystingu lýkur. Algengt er að frysting gildi í fjóra mánuði. Útfærslan er misjöfn milli banka. „Þetta er viss áhætta,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum. „En mikilvægast er að þeir sem taka ákvörðun um að frysta lán haldi áfram að leggja til hliðar sem nemur afborgun af láninu, til dæmis í júní, þegar ástandið á gjaldmiðlinum var eðlilegra.“ **- hhs**

Áskorun til stjórnvalda:

# Þverpólitísk áskorun

**STJÓRNMÁL** „Við vildum ekki boða til funda eða slíks, engu að síður gefa fólki færi á að mæla fyrir áskoruninni, meðal annars með því að prenta út tákn hennar og setja í glugga á heimili, bifreið eða vinnustað,“ segir Benedikt Stefánsson hagfræðingur, einn fjögurra málsvara „Nóvember-áskorunarinnar“ til íslenskra stjórnvalda.

Hópurinn krefst þess að lýst verði yfir með afgerandi hætti að viðræður við Evrópusambandið um fulla aðild og upptöku Evrunnar hefjist sem fyrst, að sett sé fram skýr efnahagsstefna og skipuð ný, fagleg yfirstjórn Seðlabankans og að Alþingi mæli fyrir um gagngera úttekt, undir forystu erlendra aðila, á aðdraganda kreppunnar. **- kg**

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, tók við undirskriftum yfir 200 félagsmanna:

# Þegar boðað til félagsfundar

**VINNUMARKAÐUR** Kristófer Jónsson og Lúðvík Lúðvíksson, starfsmenn Steypustöðvarinnar Mest, ásamt hátt í 40 félagsmenn VR afhentu Gunnari Páli Pálssyni, formanni VR, undirskriftir á þriðja hundrað félagsmanna VR til stuðnings kröfu sinni um að boðað verði til félagsfundar í VR á næstunni til að ræða þátttöku formannsins í ákvörðun um að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna Kaupþings.

Kristófer segir að Gunnar Páll hafi tekið á móti þeim, boðið þeim inn og útskýrt sína hlið en þó ekki sagt neitt nýtt. Gunnar Páll hafi orðið fyrri til því búið sé að ákveða að boða til félagsfundar á fimmtudaginn. Kristófer segir að á félagsfundinum verði farið fram á að boðað verði til aðalfundar og skipt um stjórn.

„Við viljum skipta um stjórn í félaginu yfir línuna,“ segir Kristófer sem „er búinn að fá uppsagnarbréf eins og svo margir aðrir“ í þjóðfélaginu. „Ég sé ekki hvernig ég get leitað til félagsins og látið það gæta réttar míns þegar stjórnin er svona gjörspillt,“ segir hann.

Gunnar Páll segir að stjórn, trúnaðarmenn og trúnaðarráð VR hafi verið búið að ákveða að halda félagsfund og hann verði haldinn á fimmtudagskvöldið. Hann segist hafa boðið mótmælendunum inn til að fá sér eitthvað í gogginn. Þeir hafi síðan sýnt sér þá virðingu að leyfa sér að segja frá sinni hlið og það hafi hann gert. Að öðru leyti vísar hann í greinargerð á heimasíðu VR og yfirlýsingu sem birtist í Fréttablaðinu í dag. **- ghs**



**SKIPT VERÐI UM STJÓRN** Félagsmenn VR afhentu undirskriftir hjá VR í gær. Kristófer Jónsson, starfsmaður Mest, segir að krafist verði aðalfundar og skipt verði um stjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjálfstæðismál Grænlands:

# Lektor segir áratugi í sjálfstæði

**GRÆNLAND Það mun taka Grænlendinga minnst 25 og kannski meira en 50 ár að ná því markmiði að verða efnahagslega sjálfbært samfélag og þar með færir um að standa undir sjálfstæðu ríki. Þessu heldur Pia Vedel Ankersen, lektor í opinberri stjórnsýslu við Grænlandsháskóla, Ilisimatusarfik, fram í grein sem hún skrifar ásamt tveimur kollegum í dagblaðið Sermitsiaq.**

**Ankersen svarar spurningu grænlenska útvarpsins um það hvort markmið Hans Enoksen, formanns grænlensku landstjórnarinnar, um sjálfbært og sjálfstætt Grænland árið 2019 sé raunhæft, afdráttarlaust neitandi. Grænlenski landsjóðurinn fær nú um átta milljarða danskra króna í styrk frá Danmörku árlega.** **- aa**




Í ÖRUGGA HÖFN

RÁÐGJÖF TIL FYRIRTÆKJA

Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital veitir fyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og öðrum fjárfestum óháða og faglega ráðgjöf.

- Fjárhagsleg endurskipulagning
- Kaup, sala og sameining
- Vöktun kaup- og sölutækifæra
- Stöðumat og verðmat
- Samningaviðræður og samningsgerð
- Umsjón með áreiðanleikakönnunum

Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hafa sjálfir umtalsverða reynslu af stjórnun fyrirtækja og mikla þekkingu á viðskiptum með fyrirtæki.

Saga Capital

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF SAGA CAPITAL | SKÓGARHLÍÐ 22 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

# B vörur ALLT Á AÐ SELJAST

**B-vörur eru sýningareintök, útlitsgölluð eða útskiptitæki.**
**Tilboðin gilda meðan birgðir endast.**



**Gorenje ísskápur**
**Verð 88.947**
B vöruverð: **44.900**
R4153W



**Gorenje ísskápur**
Hæð 200 cm, breidd 60 cm
**Verð 165.713**
B vöruverð: **89.900**
RK61390E



**Gorenje ísskápur**
Hæð 168 cm, breidd 60 cm
**Verð 215.082**
B vöruverð: **99.900**
RF6325OR



**Gorenje helluborð**
**Verð 119.672**
B vöruverð: **79.900**
IOP-98T1

**Gorenje vegghháfur**
90 sm, 630 m3/klst
**Verð 213.106**
B vöruverð: **64.900**
DKG918





**Gorenje þvottavél**
6 kg, 1400 snúninga
**Verð 114.697**
B vöruverð: **59.900**
WA63141



**Gorenje uppþvottavél**
**Verð 151.322**
B vöruverð: **59.900**
GU63210W



**LG Spanhelluborð**
**Verð 139.900**
B vöruverð: **99.900**
KA68030A



**Gorenje vegghháfur**
90 sm, 600m3/klst
**Verð 122.984**
B vöruverð: **49.900**
KD810E

**Gorenje vegghháfur**
90 sm, 1000m3/klst
**Verð 157.368**
B vöruverð: **94.900**
DK944E



**Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem í boði eru.**

RÖNNING
ronning.is

Borgartúni 24 • Sími 562 4011
Opnunartími: mán - fös kl. 09.00 - 18.00
Laugardaga kl. 11.00 - 16.00

Mannréttindadómstóll Evrópu fjallar ekki um kæru Jóns Ásgeirs Jóhannessonar:

# Niðurstaðan mikil vonbrigði

**BAUGSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu mun ekki fjalla um kæru tveggja sakborninga í Baugsmálinu vegna meintra galla á meðferð málsins fyrir íslenskum dómstólum.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, kærðu málsmeðferð Baugsmálsins til mannréttindadómstólsins um mitt ár 2007. Niðurstaða dómsins var kynnt seint í september.

Farið var yfir kæruna til að meta hvort dómstóllinn myndi fjalla um hana, en niðurstaðan var sú að málið fékk ekki efnislega meðferð hjá dómstólnum, segir Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs. Hann bendir á að mjög lítill hluti þeirra mála sem skotið sé til dómstólsins fái umfjöllun.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Jón Ásgeir segir að mannréttindi hafi verið brotin á sér og Tryggva í þessu máli og því sé niðurstaðan mikil vonbrigði. Hann fer nú yfir möguleika í stöðunni, en ekki er mögulegt að áfrýja niðurstöðu dómstólsins.

Í kæru Jóns Ásgeirs og Tryggva voru færð rök fyrir því í fimm liðum að brotið hefði verið á þeim við meðferð málsins. Meðal annars var vísað til þess að málið hefði tekið óeðlilegan tíma í rannsókn og að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði brotið gegn rétti þeirra til að teljast saklausir uns sekt var sönnuð með ummælum á opinberum vettvangi.

Baugsmálinu lauk með dómi Hæstaréttar 5. júní síðastliðinn. Niðurstaða dómsins var sú að Jón Ásgeir fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm, og Tryggvi tólf mánaða skilorðsbundinn dóm. **- bj**

**FRÉTTASKÝRING:** Icesave-deilur

# Deilt um ríkisábyrgð

**Deilur Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna Icesave-reikninganna eru nokkuð margþættar. Helsta flækjan snýst um hvort ríkissjóður sé ábyrgur fyrir innstæðutryggingum, ef ekki er til nægt fjármagn í innstæðutryggingasjóði. Einnig er deilt um hvort íslenska ríkið sé að brjóta jafnræðisreglu með því að tryggja innstæður í útibúum á Íslandi en ekki erlendis þegar bankarnir verða gjaldþrota.**



**BRESK SENDINEFND RÆÐIR ICESAVE** Bresk sendinefnd kom hingað til lands í október til að ræða við íslensk yfirvöld hvernig leysa mætti Icesave-deiluna. Breskir miðlar sögðu sendinefndina vera að ræða 600 milljarða lán til að endurgreiða 200-300 þúsund breskum innlánseigendum.

Deilur um innstæðutryggingar í erlendum útibúum íslensku bankanna eru með erfiðari milliríkjadeilum sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á um. Deilurnar eru harðastar vegna Icesave-reikninga Landsbankans, en erlend innlán bankans við yfirtöku ríkisins námu um 1.300 milljörðum króna. Í samanburði voru innlend innlán um 500 milljarðar.

**Tómur tryggingasjóður**

Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ber tryggingakerfi heimaríkis að tryggja innlán í útibúum banka utan heimalands. Ágreiningur við Breta og Hollendinga snýst um hvort ríkið sjálft sé ábyrgt með eigin fjármunum, ef ekki eru nægar innstæður í innstæðutryggingasjóðnum, líkt og nú er með íslenska innstæðutryggingasjóðinn, en í honum er um eitt prósent af innstæðum.

Íslenska ríkið heldur því fram að samkvæmt tilskipun sé nægjanlegt að innstæðutryggingasjóður sé starfandi, samkvæmt gildandi reglum. Hann sé sjálfstæður sjóður, og því komi ekki til ábyrgð ríkissjóðs. Í tilskipuninni, frá 1994 segir meðal annars; „Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.“ Þá segir einnig að ef eignir tryggingasjóðsins dugi ekki til að greiða lágmarkstryggingu, megi sjóðurinn taka lán.

Íslensk stjórnvöld vilja láta reyna á þetta ákvæði, um að ríkissjóður sé ekki gerður ábyrgur fyrir greiðslum úr innstæðutryggingasjóði. Ef komist er að þeirri niðurstöðu að það sé almenn regla að ríkissjóður eigi að ábyrgjast tryggingasjóðinn, vilja stjórnvöld láta á það reyna hvort sama regla gildi við fjármálahrun, eins og varð hér á landi.

**Jafnræði innstæðueigenda**

Bretar hafa lagt á það áherslu að Íslendingar séu í raun að brjóta gegn jafnræðisreglu, og þar með Evrópska efnahagssamningnum, með því að tryggja innstæður sparifjáreigenda í íslenskum útibúum að fullu, en ekki sparifjáreigendur í erlendum útibúum. Innlendir og erlendir sparifjáreigendur hljóti að hafa þar jafnan rétt. Íslensk stjórnvöld svara því til að það sé ekki búið að gera bankana upp, og því sé ekki komið í ljós hvort sparifjáreigendum verði mismunað.

Með neyðarlögunum, sem sett voru 6. október, voru innlán, bæði einstaklinga og lögaðila, gerð að forgangskröfum á eignir bankanna, en bankarnir hafa ekki verið lýstir gjaldþrota og því er ekki enn hægt að gera kröfu í þrotabú.

Samkvæmt yfirlýsingu sem fyrrverandi eigendur Landsbankans sendu frá sér á laugardag voru eignir Landsbankans í lok september um 4.400 milljarðar og ættu því að duga fyrir forgangskröfum, það er innlánum einstaklinga og lögaðila, bæði innanlands sem utan.

Nýlega lánuðu bresk yfirvöld breska innstæðutryggingasjóðnum um 800 milljónir punda, eða um 161 milljarð til að endurgreiða einstaklingum, en innlagnir lögaðila eru ekki tryggðar hjá breska innstæðutryggingasjóðnum.

Bretar hafa sagt að þeir muni reyna að fá þessa upphæð endurgreidda frá íslenskum yfirvöldum, þar sem íslenska ríkið hafi tryggt innstæður í íslenskum útibúum að fullu, og verði því einnig að tryggja innstæður útibúa í öðrum ríkjum.

Ekki er hægt að ganga strax á eignir Landsbankans til þess að endurgreiða innstæðuhöfum, þó svo hann færi strax í þrot, þar sem eignir felast, að langmestum hluta, í lánum til viðskiptavina sem ekki eru komin á gjalddaga. Lán þessi voru veitt bæði til íslenskra einstaklinga og fyrirtækja, sem og erlendra fyrirtækja. Þá eru þar einnig kröfur á fjármálafyrirtæki og seðlabanka, sem ekki er hægt að ganga á strax.

**Jafnræði kröfuhafa**

Þá er um það deilt hvort ákvæði neyðarlaganna brjóti gegn jafnræðisreglu með því að setja suma kröfuhafa ofar í forgangsröðunina en aðra. Það er því spurning hvort ekki sé einvörðungu verið að mismuna sparifjáreigendum, heldur einnig kröfuhöfum.

Mismunurinn kemur til með að gera eigendum innlánsreikninga að forgangskröfuhöfum hærra undir höfði en öðrum kröfuhöfum. Með þessu ákvæði er líklegt að erlendir innstæðueigendur, jafnt einstaklingar sem sveitarfélög, góðgerðasamtök og aðrir lögaðilar muni fá inneignir sínar endurgreiddar, miðað við vexti til 6. október. Hins vegar er óvíst að aðrir kröfuhafar fái mikið, ef nokkuð, upp í sínar kröfur.

Ekki hafa sömu deilur komið upp við Breta vegna Kaupþing Edge innlánsreikninga, þar sem Kaupþing Edge í Bretlandi var breskt félag, og hefðu þeir reikningar því fallið á breska innstæðutryggingasjóðinn.

Um 160.000 reikningar Kaupþing Edge og 22.000 reikningar Heritable-bankans, alls um þrír milljarðar punda eða sex hundruð milljarðar króna, voru seldir til hollenska bankans ING og þurfti því ekki að koma til tryggingasjóðurinn breski greiddi út vegna þeirra. Eftir standa þá reikningar í útibúi bankans á eyjunum Mön og Guernsey, sem ekki voru fluttir yfir til ING og hafa takmarkaða vernd samkvæmt þarlendum tryggingasjóðum.

Innstæðueigendur þar, sem og í Þýskalandi og Lúxemborg, verða því að gera kröfu annars vegar á íslenska innstæðutryggingasjóðinn og hins vegar á bankana sjálfa þegar þeir verða lýstir gjaldþrota.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is





Áskorun stjórnenda á nýju Íslandi - Ógnanir & tækifæri -

Ráðstefnan verður haldin á Hilton Reykjavík miðvikudaginn 12. nóvember kl. 13.00 – 17.00


Unnur Valborg Hilmarsdóttir
þjálfari hjá Dale Carnegie á Íslandi
*Ráðstefnustjóri*


Þóranna Jónsdóttir
framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Auður Capital
*Árangur; viðhorf og gildismat*


Gunnar Hersveinn
rithöfundur og heimspekingur
*Einstaklingar, fyrirtæki og þjóðir geta komið sér samanum gildi til að skapa sér gott orðspor – en hvernig?*

Umræður og fyrirspurnir
Kaffihlé


Una Eyþórsdóttir
MBA
*Hvað lærum við í mannauðsstjórnun á áfallatímum?*


Gylfi Dalmann
dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands
*Mannauðsstjórnun á nýju Íslandi*

Umræður og fyrirspurnir
Kaffihlé


Guðrún Johnsen
hagfræðingur og lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.
*Stjórnarhættir fyrirtækja – áskorun framtíðarinnar*


Dr. Eyþór Ívar Jónsson
framkvæmdastjóri Klaks nýsköpunarmiðstöðvar
*Stjórnun í sprotafyrirtækjum*

Umræður og fyrirspurnir


Martha Árnadóttir
framkvæmdastjóri Stjórnvísi
*Samantekt og ráðstefnuslit*

Skráning á www.stjornvisi.is - verð kr. 9.800

www.webit.is

STJÓRNVÍSI

Kringlunni 1 · 103 Reykjavík · Sími: 533-5666 · www.stjornvisi.is

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám á betra verði Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE Authorized Centre Select · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Frábær námskeið á tilboði til jóla

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Access I: Almenn gagnagrunnsgerð | 17.11.2008 | 21.11.2008 | 9:00-12:00 | 22 | 29.900 | |
| Almennt tölvunám (Win.,Word,Excel,Powerpoint,Outlook) | 17.11.2008 | 12.12.2008 | 9:00-12:00 | 90 | 79.900 | Kennt alla morgna |
| DreamWeaver - vefsíðugerð | 19.11.2008 | 27.11.2008 | 13:00-16:00 | 27 | 29.000 | Tilboðsverð! |
| DreamWeaver og Photoshop | 19.11.2008 | 9.12.2008 | 13:00-16:00 | 54 | 44.900 | Tilboðsverð! |
| Dreamweaver, Photoshop og Flash | 19.11.2008 | 16.12.2008 | 13:00-16:00 | 72 | 69.900 | Tilboðsverð! |
| Excel fjölvar - kynning | 10.12.2008 | 10.12.2008 | 9:00-12:00 | 22 | 5.900 | Tilboðsverð! |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 17.11.2008 | 1.12.2008 | 19:30-22:30 | 22 | 26.900 | Kennt mán./fim. |
| Excel I: Almenn töflureiknisnotkun | 1.12.2008 | 5.12.2008 | 9:00-12:00 | 22 | 26.900 | |
| Fingrasetning - tölvuvélritun | 8.12.2008 | 12.12.2008 | 13:00-15:00 | 6 | 7.500 | Kennt mán./fös. |
| Flash II: Forritun | 1.12.2008 | 11.12.2008 | 16:15-19:15 | 18 | 27.900 | Kennt mán./fim. |
| Flash margmiðlun | 10.12.2008 | 16.12.2008 | 13:00-16:00 | 18 | 27.900 | Kennt mán. til fim. |
| Internetið og tölvupóstur | 17.11.2008 | 18.11.2008 | 9:00-12:00 | 9 | 11.900 | |
| Ljósmyndavinnsla með Picasa | 17.11.2008 | 24.11.2008 | 19:30-22:30 | 9 | 12.900 | Kennt mánudaga |
| Ljósmyndavinnsla með Picasa | 3.12.2008 | 4.12.2008 | 13:00-16:00 | 9 | 11.900 | Tilboðsverð! |
| Office 2007 | 9.12.2008 | 23.10.2008 | 9:00-12:00 | 3 | 5.900 | Tilboðsverð! |
| Outlook: Póstur, dagbók, verkefni og tengiliðir | 19.11.2008 | 21.11.2008 | 9:00-12:00 | 13 | 17.900 | |
| Photoshop Elements | 26.11.2008 | 10.12.2008 | 16:15-19:15 | 13 | 17.900 | Kennt miðvikudaga |
| Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndgerð | 3.12.2008 | 9.12.2008 | 13:00-16:00 | 27 | 29.000 | Tilboðsverð! |
| Pivottöflur í Excel (Nýtt námskeið) | 10.12.2008 | 10.12.2008 | 9:00-12:00 | 5 | 12.900 | Tilboðsverð! |
| PowerPoint I: glærugerð og -notkun | 1.12.2008 | 8.12.2008 | 19:30-22:30 | 13 | 17.900 | Kennt mán./mið. |
| PowerPoint I: glærugerð og -notkun | 8.12.2008 | 10.12.2008 | 9:00-12:00 | 13 | 15.000 | Tilboðsverð! |
| PowerPoint II: hreyfimyndir og hljóð | 13.11.2008 | 14.11.2008 | 9:00-12:00 | 9 | 14.900 | |
| Publisher: útgáfa bæklinga og kynningar | 9.12.2008 | 11.12.2008 | 13:00-16:00 | 13 | 15.900 | Tilboðsverð! |
| Stafræn ljósmyndun | 24.11.2008 | 8.12.2008 | 19:30-22:30 | 13 | 15.000 | Tilboðsverð! |
| Stafræn ljósmyndun | 2.12.2008 | 4.12.2008 | 13:00-16:00 | 13 | 15.000 | Tilboðsverð! |
| Tímastjórnun með Outlook | 8.12.2008 | 8.12.2008 | 9:00-12:00 | 4,5 | 5.900 | Tilboðsverð! |
| Tölvufærni I - Byrjendur (Nýtt námskeið) | 24.11.2008 | 5.12.2008 | 9:00-12:00 | 45 | 39.900 | Nýtt námskeið |
| Vefsíðugerð - grunnur (Nýtt námskeið) | 19.11.2008 | 9.12.2008 | 13:00-16:00 | 54 | 44.900 | Tilboðsverð! |
| Windows fyrir byrjendur | 13.11.2008 | 14.11.2008 | 9:00-12:00 | 9 | 10.900 | Tilboðsverð! |
| Word I: Almenn ritvinnsla | 24.11.2008 | 10.11.2008 | 9:00-12:00 | 22 | 24.500 | Tilboðsverð! |
| Word Ia: Grunnur ritvinnslu | 24.11.2008 | 25.11.2008 | 9:00-12:00 | 9 | 10.900 | Tilboðsverð! |
| Word Ib: Betri ritvinnsla | 26.11.2008 | 28.11.2008 | 9:00-12:00 | 13 | 15.900 | Tilboðsverð! |
| Word II: Kraftmikil ritvinnsla | 24.11.2008 | 27.11.2008 | 13:00-16:00 | 18 | 26.000 | Tilboðsverð! |
| Word: Dreifibréf og markpóstur | 27.11.2008 | 27.11.2008 | 13:00-16:00 | 4,5 | 8.900 | Tilboðsverð! |
| Word: Vinnsla langra skjala | 24.11.2008 | 26.11.2008 | 13:00-16:00 | 13 | 19.000 | Tilboðsverð! |

## Vefsíðugerð - grunnur

Mjög vinsælt námskeið sem ætlað er byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja viðhalda eigin vefsíðu á einfaldan og öruggan hátt með DreamWeaver og Photshop. Námskeiðið er góður grunnur að frekara námi í vefsíðugerð.

Nám sem metið er til stúdentsprófs sem tvær einingar.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 44.900

*Hefst 19. nóvember (13:00-16:00)*

## Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

*Gerðu ljósmyndirnar þínar ennþá betri!*

**Lengd**: 13 st./9 klst. **Verð**: 15.000 (tilboð)

*Kvöldnámskeið hefst 24. nóvember og síðdegisnámskeið hefst 2. desember*

## Tölvufærni I - Byrjendur

Þetta er frábært nýtt námskeið fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja auka þekkingu sína, færni og hraða og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaði.

Lögð er áhersla á að kenna gagnleg atriði sem nýtast við tölvunotkun heima og í vinnu. Kennt er á Windows, Internetið, Outlook, Word og Excel. Góðar handbækur á íslensku eru innifaldar.

Nám sem metið er til stúdentsprófs sem tvær einingar.

**Lengd**: 45 st./30 klst. **Verð**: 39.900 (tilboð)

*Morgunnámskeið hefst 24. nóvember.*

## Pivottöflur í Excel

Frábært námskeið fyrir alla þá sem þurfa að velta tölum fyrir sér í Excel og skoða þær frá öllum hliðum. Einstakt námskeið um veltitöflur á einstöku verði.

**Lengd**: 5 st./3,5 klst. **Verð**: 12.900 (tilboð)

*Morgunnámskeið verður 10. desember.*

## Markpóstur í Word

Hittu beint í mark með persónulegu bréfi eða tölvupósti sem tekur tillit til þess hver viðtakandinn er. Einstakt námskeið og það eina á landinu!

**Lengd**: 4,5 st./3 klst. **Verð**: 8.900 (tilboð)

*Námskeið verður 27. nóvember.*

## Outlook: Tímastjórnun

Náðu föstum tökum á tíma þínum með því að læra að nota Outlook til að flýta fyrir þér, auka yfirsýn og skipuleggja tíma þinn enn betur en áður. Kemur þér á óvart!

**Lengd**: 4,5 st./3 klst. **Verð**: 5.900 (tilboð)

*Morgunnámskeið verður 8. desember.*

# Tölvuskóli TV - fremstur frá 1986

www.tv.is

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**

**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
15.654 **+0,67%**

**Fjöldi viðskipta:** 43
**Velta:** 199 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +6,24% | **BAKKAVÖR** | -4,55% |
| **CENTURY ALUMIN.** | +2,58% | **FÆREYJABANKI** | -4,12% |
| **MAREL FOOD SYST.** | +1,44% | **EIMSKIP** | -0,74% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** **223,85** +0,36

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,56 +0,00% ... Bakkavör 4,20 -4,55% ... Eimskipafélagið 1,34 -0,74% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,30 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 77,50 +1,44% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 98,80 +6,24%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Sænska ríkið tekur Carnegie

„Við erum við störf eins og ekkert hafi í skorist. Eini munurinn er sá að sænska ríkið á nú bankann og mun leita eftir því að selja hann fljótlega,“ segir Mikael Ericson, forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie.


MIKAEL ERICSON

Starfsemi bankans helst óbreytt þrátt fyrir yfirtökuna sem varð í kjölfar afskriftar upp á einn milljarð sænskra króna á öðrum fjórðungi.

VBS fjárfestingarbanki sá ástæðu til þess í gær að senda út tilkynningu þar sem sagði að yfirtakan hefði hvorki áhrif á dagleg viðskipti með sjóði Carnegie-sjóðanna né verðmæti þeirra.

Sænska fjármálafyrirtækið Moderna Finance var meðal stærstu hluthafa bankans þar til í gær þegar sænska fjármálaeftirlitið svipti hann bankaleyfi og setti yfir hann skilanefnd. Við það varð eignarhlutur fjárfesta einskis virði.

Fjárfestingarfélagið Milestone, sem er í eigu Karls Wernerssonar og fjölskyldu, er eigandi Moderna Finance. Milestone keypti sig inn í Carnegie í fyrra og sat á 17,6 prósenta hlut þar til snemma í október þegar það seldi sig niður í um tíu prósent.

Gengi bréfa í Carnegie hefur hríðfallið frá áramótum. Það stóð þá í 125,5 sænskum krónum en í 17,8 krónum í síðustu viðskiptum. Ætla má að Moderna tapi tæpum 1,5 milljörðum íslenskra króna hið minnsta á yfirtökunni miðað við síðasta skráða gengi. **- jab**

# Neituðu að lána Seðlabankanum

Sænski seðlabankinn neitaði Seðlabanka Íslands um heimild til að draga á lánalínu sem veitt var í vor. Þetta kemur fram á erlendum fréttavefjum. Í maí veittu norrænir seðlabankar Seðlabankanum gjaldmiðlaskiptasamninga upp á samtals 1,5 milljarða evra.

Tilkynnt var um miðjan síðasta mánuð að dregið hefði verið á samninga frá danska og norska bankanum.

Talsmaður sænska seðlabankans sagði í gær að Svíar heimili ekki lán fyrr en fyrir liggi áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir Ísland.

Engin viðbrögð fengust úr Seðlabankanum í gær, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- ikh**


Fíton / SÍA

# Félagsfundur

VR boðar til almenns félagsfundar á **Grand hóteli, fimmtudaginn 13. nóvember kl. 19:30.**
Á fundinum mun **Gunnar Páll Pálsson**, formaður VR, gera grein fyrir störfum sínum í stjórn Kaupþings og í kjölfarið verður opnað fyrir umræður.

Einnig verður haldinn fjarfundur með VR félögum á Austurlandi og í Vestmannaeyjum **miðvikudaginn 12. nóvember.** Fundurinn hefst á skrifstofum félaganna í **Vestmannaeyjum** og á **Egilsstöðum kl. 20:00.**

**Fundirnir eru eingöngu opnir félagsmönnum VR sem eru allir hvattir til að mæta.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



**HJÓLAÐ Á BYGGINGARSVÆÐIÐ** Meðal aðgerða kínverskra stjórnvalda, sem boðaðar voru um helgina, er uppbygging í byggingariðnaði, sem þó er mikil fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kínverjar blása lífi í hagkerfið

**Kínversk stjórnvöld ætla að verja 76 milljörðum króna til að sporna við áhrifum fjármálakreppunnar þar í landi. Aðgerðirnar eru sagðar geta haft jákvæð áhrif langt út fyrir landsteinana.**

Hlutabréfamarkaðir tóku vel við sér víða um heim í gær eftir að kínversk stjórnvöld kynntu í fyrradag efnahagsaðgerðir sem ætlað er að auka eftirspurn eftir innlendum vörum og örva hagkerfið, svo sem í iðnaði, með það fyrir augum að sporna við áhrifum fjármálakreppunnar þar í landi.

Aðgerðirnar fela í sér að fjögur þúsund milljörðum júana, jafnvirði 76 þúsund milljarða íslenskra króna, verður dælt inn í kínverskt hagkerfi í nokkrum skrefum á næstu tveimur árum.

Breska ríkisútvarpið hafði eftir Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að aðgerðirnar geti haft jákvæð áhrif á alþjóðlegt efnahagslíf, ekki síst á fjármálakerfið. Aðrir erlendir sérfræðingar benda á að björgunarpakkinn sé litlu minni en sá sem samþykktur var í Bandaríkjunum fyrir rúmum mánuði til handa bönkum og fjármálafyrirtækjum. Sá hljóðaði upp á 700 milljarða Bandaríkjadala.

Stórum hluta fjárhæðarinnar verður veitt til lágtekjuhópa og uppbyggingar á vatns- og rafmagnsveitum auk þess sem flug- og vegasamgöngur verða bættar til muna. Þá verður háum upphæðum sömuleiðis veitt til uppbyggingar í dreifðari héruðum landsins, svo sem í Sichuan-héraði, sem varð illa úti í jarðskjálfta í maí síðastliðnum. Sjötíu þúsund manns létust í skjálftanum.

Verulegur kippur varð í kauphöllum í Asíu í fyrrinótt og smitaði það út frá sér inn á aðra markaði strax í gærmorgun.

Bloomberg-fréttastofan bætir því við að gengi hávaxtamynta í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi, sem hafa fallið um fimmtung á árinu, hafi styrkst nokkuð auk þess sem hrávöruverð, svo sem stál, hækkaði á heimsmörkuðum vegna væntinga um aukna eftirspurn í Kína. **jonab@markadurinn.is**




# Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.
Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.
Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Danfoss 75 1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavik
Sími 510 4100 • www.danfoss.is










# GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT




KAUFFMANN

Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.




## MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI




rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Biðin langa eftir merki um að hefja megi uppbyggingarstarfið.

## Doðinn á tímum óvissunnar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í dag eru liðnir 36 dagar frá setningu neyðarlaga Alþingis vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, eins og það var orðað. Fimm vikur eru sem sagt liðnar frá því allt fór á hliðina. Ríkið yfirtók bankana, stærstu félög landsins óskuðu eftir greiðslustöðvun og risavaxnar skuldir í útlöndum á ábyrgð þjóðarinnar skutu upp kollinum.

Fyrstu daga hrunsins var atburðarásin ógnarhröð og stórbrotin. En nú er sú staða gjörbreytt. Hver dagur er öðrum líkur. Ekkert virðist þokast áfram í þeim málum sem skipta mestu máli.

Samfélagið bíður með öndina í hálsinum eftir merkinu um að nú sé tímabært að taka saman höndum, ryðja rústirnar og hefja uppbygginguna.

Sá tími virtist vera runninn upp fyrir rúmlega hálfum mánuði, föstudaginn sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra tilkynntu um að ákveðið hefði verið að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Það reyndist misskilningur. Þess í stað er eins og þjóðin sé lent í sinni eigin útgáfu af Groundhog Day, bíómyndinni með Bill Murray um veðurfréttamanninn sem festist í smábænum Punxsutawney og upplifir sama daginn aftur og aftur og aftur.

Karakter Murrays vaknar upp við sama lagið í útvarpinu hvern morgun, horfir á sama nagdýrið skríða úr holu sinni og gengur fram hjá sama rónanum hvern dag. Í íslensku útgáfunni eru í sömu hlutverkum: Icesave, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og lán, sem koma og hverfa jafnharðan aftur, ýmist frá Rússlandi, Norðurlöndunum eða Japan. Og svo auðvitað forsætisráðherrann okkar, sem birtist helst á sjónvarpsskjám landsmanna til að segja hvað sé ekki tímabært. Samkvæmt honum er ekki tímabært að ræða aðild að Evrópusambandinu, að skoða hvort skipta eigi um gjaldmiðil, að leysa stjórn Seðlabankans frá störfum, né ræða hvort eigi að flýta alþingiskosningum.

Það er eins og forystumenn landsins átti sig ekki á því að eftirspurnin eftir svörum við því hvað eigi að gera hefur aldrei verið meiri.

Það er hættulegt að láta dag eftir dag líða án sjáanlegrar framvindu. Doðinn er farinn að hríslast um æðar samfélagsins og upp frá honum getur magnast illviðráðanleg reiði.

Snemma í sumar var kallað eftir leiðsögn frá stjórnmálamönnum í gegnum þá erfiðleika sem þá voru við sjóndeildarhringinn. Vandinn varð margfaldur þegar til kom og ekki bólar enn á leiðsögninni.

Sú tilfinning fer reyndar hratt vaxandi að ríkisstjórnin sé á mörkum þess að vera í starfhæfu ástandi. Forystumenn landsins verða að fara að láta verkin tala. Það þarf forystu og skýr skilaboð.

Þessi doði gengur ekki lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrunið kerfi

Þeim sem höfðu gert sér vonir um ný vinnubrögð á Nýja Íslandi var kippt harkalega á jörðina með skipan nýju bankaráðanna, þar sem farin var sú gamla leið að hver flokkur otaði sínum fulltrúa að. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur telur að þessi vinnubrögð sýni að stjórnmálakerfið sé hrunið án þess að forystumenn flokkanna hafi orðið þess varir: „Ég hef enga sérstaka skoðun á stjórnarmönnunum," skrifar Sigurður Gylfi á vefritið Kistuna, „en finnst hins vegar óskiljanlegt að forystufólk flokkanna skuli hafa verið svo skyni skroppið – eiginlega veruleikafirrt – að átta sig ekki á að fólkið í landinu er búið að fá meira en nóg af svona aðferðum, svona vinnubrögðum."

### Baðstofan blífur

Grein Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, í Morgunblaðinu í gær, er ekki til þess fallin að hrekja bölspá Sigurðar Gylfa. Árni Þór segir að leiðin fyrir Íslendinga út úr vandræðunum sé að við trúum á sjálf okkur, landsins gagn og gæði og ræktum menningu okkar og tungu. Með öðrum orðum, stúderum Hart í bak og Snorra Hjartarson. Þá fer allt vel.





### Eitthvað að misskilja

Geir H. Haarde, meintur forsætisráðherra, hafði friðsamleg mótmæli þúsunda manna á Austurvelli um helgina að engu í Morgunblaðinu í gær. Geir kvaðst ekkert hafa við það að athuga ef fólk vildi mótmæla en gera þyrfti greinarmun á mótmælum og skrílslátum, og kaus þar með að einblína á fámennan hóp sem kastaði matvælum að þinghúsinu. Hafi Geir ekki áttað sig á því er nú rétti tíminn til að sýna auðmýkt. Og hafi Geir ekki áttað sig á því, þýðir *auðmýkt* ekki undirgefni gagnvart sterkefnuðum.

bergsteinn@frettabladid.is

# Yfirlýsing frá Gunnari Páli Pálssyni



GUNNAR PÁLL PÁLSSON

**Í DAG** | Kaupréttarsamningar Kaupþings

Töluvert hefur verið fjallað um aðkomu mína að þeirri ákvörðun stjórnar Kaupþings að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans vegna lána sem tekin voru vegna kaupréttarsamninga. Í ljósi umræðunnar finnst mér rétt og eðlilegt að ég geri grein fyrir þeim áherslum sem ég hafði að leiðarljósi meðan ég sat í stjórn bankans.

Ég var kosinn í stjórn Kaupþings í apríl 2001. Þá höfðu lífeyrissjóðirnir fjárfest umtalsvert í bankanum og því þótti eðlilegt að fulltrúi þeirra tæki sæti í stjórn hans. Mér fannst ekki stætt á öðru en þiggja stjórnarsetuna til þess að standa vörð um hagsmuni sjóðanna, ekki síst Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Eins og kunnugt er fóru miklir uppgangstímar í hönd með launagreiðslum sem voru þvert á launastefnu VR. Því gat ég ekki annað en setið hjá við atkvæðagreiðslu stjórnar um verulegar launahækkanir og kaupréttarákvæði til stjórnenda bankans og lét færa til bókar á stjórnarfundi 6. nóvember 2003 að ég gæti ekki stutt þess ákvörðun. Ákvörðunin var engu að síður samþykkt af meirihluta stjórnarinnar. Lagði ég þá til að ákvörðunin yrði lögð fyrir hluthafa sem var gert og var hún samþykkt mótatkvæðalaust á aðalfundi bankans árið 2004. Á þessum tíma lá ég ekki á skoðunum mínum og ritaði m.a. tvo leiðara í VR blaðið um laun æðstu stjórnenda fyrirtækja, í febrúar 2004 og í maí 2006, auk greinar í Morgunblaðið 22. júlí 2006 um lýðræði í lífeyrissjóðunum.

Þrátt fyrir fyrrnefnda bókun mína og skrif kom fram gagnrýni á setu mína í stjórn bankans, einkanlega vegna þeirra launakjara sem þar voru í boði. Það var erfitt að vinna að heilindum fyrir VR og sitja um leið undir gagnrýni. Ég taldi þá rétt að aðrir en ég tækju ákvörðun um áframhaldandi stjórnarsetu mína í bankanum. Samkvæmt lýðræðislegum starfsháttum VR bar ég það upp á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR í janúar 2004 hvort ég nyti trausts til setu í stjórnum fyrirtækja og banka fyrir hönd lífeyrissjóðsins. Niðurstaðan var afgerandi, rúmlega 70% fundarmanna töldu að formaður VR ætti að standa vörð um hagsmuni lífeyrissjóðsins og þá um leið félagsmanna í VR. Í skjóli þessa trausts félaga minna hélt ég áfram stjórnarsetu í Kaupþingi.

Samkvæmt samþykki stjórnar og aðalfundar Kaupþings voru hagsmunir bankans tengdir við hagsmuni starfsmanna með þeim kaupréttarákvæðum sem ég greiddi ekki atkvæði með. Á stjórnarfundinum 25. september sl. þegar forstjóra bankans var heimilað að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans samþykkti ég þá ákvörðun með hagsmuni umbjóðenda minna að leiðarljósi, en á þeim tíma var eign lífeyrissjóðanna í bankanum um 60 milljarðar króna og þá eign bar mér að verja.

*Á stjórnarfundinum 25. september sl. þegar forstjóra bankans var heimilað að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans samþykkti ég þá ákvörðun með hagsmuni umbjóðenda minna að leiðarljósi, en á þeim tíma var eign lífeyrissjóðanna í bankanum um 60 milljarðar króna og þá eign bar mér að verja.*

Ákvörðunin var tekin til þess að koma í veg fyrir að starfsmenn seldu bréf sín en það var talið geta skaðað bankann á þessum viðkvæma tímapunkti. Þegar þessi ákvörðun var tekin voru engin teikn á lofti um það sem síðar gerðist. Þeir stjórnarmenn sem áttu hagsmuna að gæta viku af fundi meðan ákvörðunin var tekin. Á fundinum sem tók þessa ákvörðun voru þrír lögfræðingar, Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður og lögfræðingur bankans, stjórnarmennirnir Ásgeir Thoroddsen hæstaréttarlögmaður og Bjarnfreður H. Ólafsson, héraðsdómslögmaður og töldu þeir ákvörðunina lögmæta. Hafði ég enga ástæðu til að vefengja álit þeirra. En rétt er að geta að síðar hafa fleiri lögfræðingar tekið undir skoðun þeirra.

Ákvarðanir eru teknar miðað við þær forsendur sem liggja fyrir á hverjum tíma. Ég er þeirrar skoðunar að þessi ákvörðun hafi verið rétt þegar hún var tekin. Staða Kaupþings var sterk og eignir starfsmannanna að ég best vissi hærri en skuldir þeirra og bankanum lítil hætta búin þótt gengi bréfanna hefði fallið um nokkur prósentustig til viðbótar. Óeðlilegt er að meta þessa ákvörðun stjórnar Kaupþings í ljósi þess sem síðar gerðist með setningu neyðarlaga og gjörbreyttu starfsumhverfi bankans.

Fram hefur komið að konan mín og ég áttum hlutabréf í Kaupþingi. Í hlutafjáraukningu Kaupþings á árinu 2004 keypti ég hlutabréf fyrir 123.000 krónur og eiginkona mín fyrir 340.000 krónur. Að auki varði ég launum mínum sem stjórnarmaður í Kaupþingi til hlutafjarkaupa í bankanum. Við hjónin áttum samtals rúmlega 8 milljónir króna í hlutabréfum í Kaupþingi við fall bankans. Þessi hlutabréf voru að fullu greidd og engin lán tekin við kaup þeirra og þar af leiðandi engar ábyrgðir felldar niður.

Ég mun áfram starfa að heilindum fyrir félagsmenn VR og met mikils þann stuðning sem ég hef fengið bæði frá stjórn, trúnaðarráði og trúnaðarmönnum og fjölda félagsmanna. Ýmsir félagsmenn hafa gagnrýnt ákvörðun mína en ég hef reynt eftir fremsta megni að svara spurningum þeirra og athugasemdum á heiðarlegan hátt. Því mun ég halda áfram á næstunni auk þess að ræða opinskátt við VR félaga á vinnustaðafundum.

*Höfundur er formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur.*




FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**BRJÓSTAGJÖF** er talin auka líkurnar á því að börn fái góð og sterk lungu, ef marka má nýja rannsókn sem gerð var í Bretlandi og Bandaríkjunum. Talið er að börn sem eru á brjósti í að minnsta kosti fjóra mánuði séu með sterkari lungu en ella.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Jóhanna Jónas leikkona segir magadans alhliða og góða hreyfingu fyrir bæði konur og karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Áreynslan stigmagnast

**Jóhanna Jónas leikkona byrjaði að dansa magadans fyrir fimm árum. Hún tók dansinn þegar föstum tökum og er í dag forfallinn iðkandi. Hún hefur meira að segja tekið að sér kennslu í Magadanshúsinu.**

„Ég byrjaði að dansa magadans fyrir um fimm árum. Þá hafði ég aldrei prófað þetta áður, en fann um leið að það var eitthvað við þennan dans sem heillaði mig. Þá varð í raun ekki aftur snúið,“ segir Jóhanna Jónas leikkona, en hún dansar magadans flesta daga vikunnar, ýmist sem nemandi eða kennari.

Spurð um hvað það var sem heillaði hana við þetta tiltekna dansform segir Jóhanna að það hafi verið margir þættir, en ekki síst hvað dansinn gerir líkamanum gott. „Magadans er afskaplega góð hreyfing, til dæmis fyrir mjóbakið. Ég hafði átt við mjóbaksvandamál að stríða en þau hurfu fljótlega eftir að ég fór að dansa. Ég hafði verið að leita mér að líkamsrækt sem hentaði mér og það small allt saman þegar ég prófaði magadans.“

Til eru þeir sem halda að magadans sé ekki nægilega strembin líkamsrækt til að koma iðkendunum í almennilegt form. Jóhanna segir dansinn þó reyna mikið á. „Maður þarf ekki endilega að vera í góðu formi þegar maður byrjar fyrst að dansa en áreynslan stigmagnast eftir því sem maður fer lengra inn í dansinn. Maður kemst þannig í betra og betra form eftir því sem hreyfingarnar verða flóknari.“

Auk þess að dansa gerir Jóhanna ýmislegt til að leggja rækt við heilsuna. „Dansinn hefur verið mín aðallíkamsrækt síðustu fimm ár, en ég fer líka aðeins í ræktina og í tækin öðru hvoru til að styrkja þá líkamshluta sem dansinn nær kannski ekki alveg til. Svo helst það í hendur við líkamsræktina að borða hollan mat; eftir því sem ég kemst í betra form þá sæki ég í hollari og betri mat. Ég finn líka hvað mér gengur betur í dansinum og öðru þegar ég borða vel.“

Magadans hefur notið talsverðra vinsælda meðal íslenskra kvenna síðustu ár, en íslenskir karlmenn hafa enn lítið látið til sín taka á þessu sviði. Jóhanna segir karlmenn þó vel geta dansað magadans. „Karlar hér á Íslandi hafa ekki enn uppgötvað þennan dans, en karlmenn dansa magadans bæði í Egyptalandi og í Tyrklandi. Það er annar stíll yfir dansi þeirra; hann er náttúrulega karlmannlegri og það getur verið algerlega magnað að sjá þá dansa.“

*vigdis@frettabladid.is*


Árskort í tækjasal aðeins 3.333 kr. á mánuði*

* Skuldbinding í ár.

heilsuakademían

Heilsuakademían í Egilshöll - frábær tækjasalur, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða

www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

Patti lagersala VERÐHRUN

50% AFSLÁTTUR

af öllum rúmum út nóvember

Verðdæmi með afslætti:

90 x 200 cm Verð frá kr. 44.450,-
120 x 200 cm Verð frá Kr. 55.950,-
150 x 200 cm Verð frá Kr. 67.450,-
180 x 200 cm Verð frá Kr. 80.950,-

COLCHON DUPEN

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Langar þig að breyta mataræðinu til batnaðar?

Veist þú ekki hvar þú átt að byrja?

Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.

Upplýsingar og skráning í síma: 899 5020 eða á eig@heima.is

Farið verður með einföldum hætti yfir:

- Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum!
- Hvernig verðum við okkur úti um þau næringarefni sem líkaminn þarfnast!
- Hvernig við getum auðveldlega öðlast meiri orku, vellíðan og heilbrigði!

Í lok fyrirlestrar fáið þið leiðbeiningar um val á heilsufæði. Innifalið í námskeiði er mappa með uppskriftum og fróðleik.

Námskeiðið fer fram þriðjud. 18. nóv. kl. 20-22. í Heilsuhúsinu Lágmúla.

Verð aðeins kr. 3.500.-

náttúrulega heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri

vísir.is

„...ég sá það á vísi“

Kafbátur mánaðarins

NÓVEMBER

BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

18 Subway staðir um allt land

SUBWAY í fínu formi

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í nóvember 2008. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjörnumáli.

# ;HEILSA



**STRESS** hefur slæm áhrif á líkama og sál. Mikilvægt er að gefa sér tíma á hverjum degi til að slappa af og auka þannig líkurnar á lengra og betra lífi.

## Ekki fleiri en tvo kaffibolla á dag

**Hingað til hefur barnshafandi konum verið óhætt að drekka sem samsvarar þremur meðalsterkum kaffibollum á dag, en nýjustu rannsóknir sýna að þá koffínneyslu þarf að minnka um þriðjung á meðgöngu.**

Barnshafandi konur ættu að takmarka koffínneyslu á meðgöngu við tvo kaffibolla, eða sem samsvarar fjórum tebollum á dag. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdar voru í háskólunum í Leicester og Leeds og náðu til 2.500 ófrískra kvenna. Niðurstöðurnar birtast í British Medical Journal í vikunni.

Lengst af hefur koffínneysla vanfærra kvenna miðast við 300 mg að hámarki á dag, en nú hefur það viðmið lækkað um þriðjung, í 200 mg á dag. Lengi hefur verið vitað um samband á milli koffínneyslu á meðgöngu og of lágrar fæðingarþyngdar nýbura, en börn sem fæðast of létt eru líklegri til að þjást af hjartasjúkdómum og sykursýki.

Koffín finnst einnig í kóladrykkjum, súkkulaði og orkudrykkjum og er barnshafandi konum ráðlagt að neyta þessa í hófi.

Niðurstöðurnar koma í kjölfar annarrar rannsóknar sem sýndi fram á að hóflega drukkið vín á meðgöngu dregur úr líkum á hegðunarvanda og ofvirkni í drengjum, en University College í Lundúnum greindi nýlega frá niðurstöðum sem sýndu að drengir sem áttu mæður sem drukkið höfðu smávegis af léttvíni á meðgöngu höfðu talsvert betri orðaforða en þeir sem döfnuðu í móðurkviði kvenna sem héldu sig frá áfengi.

Læknisfræðilegar ráðleggingar mæla enn eindregið með því að konur sneiði alfarið hjá áfengi á meðgöngu og meðan reynt er að verða barnshafandi. *- þlg*



Það er notalegt fyrir barnshafandi konur að dreypa á eftirlætis drykknum sínum, þegar þörfin kallar, en allt er best í hófi.



## Nýtt blóð best

**Blóð sem er geymt of lengi eykur líkurnar á sýkingu þegar það er notað, samkvæmt bandarískum sérfræðingum.**

Líkurnar á blóðeitrun og lungnabólgu tvöfaldast ef blóð sem sjúklingar fá er eldra en 29 daga gamalt. Þetta er staðfest í rannsókn sem gerð var á Cooper-háskólaspítalanum í New Jersey-ríki.

Í Bandaríkjunum er bannað að nota blóð sem hefur verið geymt í meira en 42 daga og í Bretlandi blóð sem hefur verið geymt í 35 daga. Eftir aðeins tveggja vikna geymslu byrja rauðu blóðfrumurnar að breytast og gefa frá sér efni sem heitir cytokines. Þetta efni er þekkt fyrir að hindra ónæmisstarfssemi og getur í miklum mæli leitt til þess að móttakendur blóðsins verði líklegri til að verða veikir.

Sérfræðingarnir rannsökuðu sýkingar í 422 sjúklingum sem höfðu fengið blóðgjafir og uppgötvuðu að meðalaldur gjafablóðsins var 26 dagar og 70 prósent sjúklinga höfðu fengið blóð sem var eldra en tveggja vikna. *- aov*



Ef blóð sem er gefið hefur verið geymt of lengi eykur það hættuna á alls konar sýkingum.




Gunnar Rúnar

Nýlega hóf störf hjá Táp ehf. sjúkraþjálfun, Gunnar Rúnar Sverrisson löggiltur sjúkraþjálfari.

Við bjóðum hann velkominn.

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN

Hlíðasmára 14, sími 5645442, www.tap.is

**teg. Coral** - glæsilegur "push up" bh fyrir brjósgóðar í C,D,E,F,G skálum á **kr. 5.990,-**



**Misty**

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070

Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14

*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

vísir.is

"...ég sá það á vísi"

Birkiaska

Umboðs- og söluaðili Birkiaska ehf. sími: 551 9239

www.birkiaska.is

BETUSAN

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20 laugardaga kl. 10–17

maður lifandi

Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

www.madurlifandi.is

**11. nóv. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur** *Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

**18. nóv. Óskalisti líkamanns** *Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

**20. nóv. Hátíðakökur og eftirréttir** *Auður Konráðsdóttir desertadrottning*

**25. nóv. Ævintýralíf** *Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**02. des. Heilbrigði og hamingja** *Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**04. des. Hátíðakökur og eftirréttir** *Auður Konráðsdóttir desertadrottning*

**Er kalt á toppnum?**



Rafmagnshitarar -sumarbústaðir -köld svæði -skúrar

Kreppuverð!

ís-húsið

Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi - 566 6000

netverslun ishusid.is

;ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


**ÞINN RÉTTUR**

**Almannatryggingalög kynnt fyrir þér**



## Efnahagsástandið og lífeyrir almannatrygginga

Örorku- og ellilífeyrisþegar vilja væntanlega vita hvaða áhrif versnandi efnahagsástand hefur á afkomu þeirra. Almannatryggingar bæta að nokkru upp tap á fjármagnstekjum og lækkuðum greiðslum úr lífeyrissjóðum.

### Lífeyrisþegum fjölgar væntanlega

Búist er við að bæði ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum fjölgi næsta árið. Hætta er á að með vaxandi atvinnuleysi og fjárhagslegu óöryggi finni fleiri til líkamlegrar og andlegrar vanlíðunar sem getur leitt af sér langvinna sjúkdóma og örorku. Jafnframt er líklegt að einhverjir hefji töku ellilífeyris fyrr og vinni minna eftir að 67 ára aldri er náð en þeir hefðu gert við óbreyttar aðstæður.

### Lægri tekjur, hærri greiðslur

Margir eldri borgarar fjárfestu í hlutabréfum og verðbréfum og áttu von á að bera úr býtum fjármagnstekjur. Þessar fjárfestingarleiðir standa ekki undir væntingum eins og er og fjármagnstekjur margra verða því minni en þeir áttu von á. Sama máli gegnir um lífeyrissjóðina sem flestir töldu gulltryggða. Lægri fjármagnstekjur og lægri lífeyrissjóðstekjur leiða því í flestum tilvikum til hærri greiðslna frá Tryggingastofnun þó að munurinn verði ekki bættur að fullu með óbreyttu réttindakerfi.

### Lífeyrisþegar erlendis

Greiðslur til lífeyrisþega sem búa erlendis eru mjög óhagstæðar eins og stendur. Vegna lágs gengis krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum eru greiðslurnar verðminni í útlöndum en þær voru fyrir fáum mánuðum. Margir lífeyrisþegar sem búa erlendis fá einungis hluta lífeyris síns héðan en einnig greiðslur frá öðrum löndum, yfirleitt búsetulandinu. Þeir sem fá lágar upphæðir frá TR verða fyrir minni áhrifum vegna aðstæðna á gjaldeyrismarkaði.

Áhrif kreppunnar árið 2008 á hag ellilífeyrisþega gætu þannig orðið margvísleg en munu ekki verða að fullu ljós fyrr en árið verður gert upp um mitt árið 2009.

Þinn réttur getur verið margs konar í almannatryggingakerfinu. Með mánaðarlegum dálki vill Tryggingastofnun vera þér, lesandi góður, innan handar með því að kynna fyrir þér ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og þannig benda á mögulegan rétt til greiðslna sem er þér ef til vill ekki kunnugur.

TRYGGINGASTOFNUN *Sjá vefinn www.tr.is*

# barnabækur

ÞRIÐJUDAGUR 11. NÓVEMBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


**Gættu þín, ljónsungi!**

Hugnæm saga um ljónsunga sem vill kanna heiminn upp á eigin spýtur. Hætta liggur víða í leyni. Michele Coxon er þekkt fyrir einstakar dýramyndir sínar.







BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

**Geimverurnar vilja vera í brókum**

Geimverur vilja stela nærbuxum! Ótrúlega skemmtileg bók fyrir alla fjölskylduna. Gamansamar vísur og gáskafullar teikningar. – Valin besta barnabókin 2007, fyrir fimm ára og eldri, af Richard og Judy-sjóðnum.

# Jólakort Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna

Nú býður SKB upp á tvær gerðir af jólakortum sem hönnuð eru af Braga Einarssyni og listakonunni Mæju

Gleðjið ættingja, vini, samstarfsmenn og viðskiptavini með fallegri jólakveðju og styðjið um leið við krabbameinssjúk börn og fjölskyldur þeirra



Jólakortin eru tvöföld og fylgir hvítt umslag hverju korti.
Stærð:115x165 mm.




Boðið er upp á sérvalda innáprentun með texta og/eða merki fyrirtækja

STYRKTARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNA

Tekið er við pöntunum á heimasíðu félagsins www.skb.is eða í síma 588 7555

Jólakortin eru einnig seld á skrifstofu félagsins í Hlíðasmára 14 í Kópavogi og þar eru þau seld 10 saman í pakka og kostar pakkinn 1.000 krónur.



# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorbjörg telur að fantasían muni halda velli en á þó jafnvel von á því að raunsærri bækur muni líta dagsins ljós á næstunni.

# Flestir lesa fantasíur

**Börn og unglingar hafa á undanförnum árum sökkt sér ofan í fantasíur og ekkert lát virðist á því.**

„Fantasíur hafa notið hvað mestra vinsælda á meðal barna- og unglinga undanfarin ár og er það líklega Harry Potter sem kom þeirri skriðu af stað,“ segir Þorbjörg Karlsdóttir, barnabókavörður á Borgarbókasafninu, en fátt í heimi barnabóka fer framhjá henni.

Þó að ekki sé að vænta fleiri bóka um galdrastrákinn knáa þá taka aðrar við og segir hún hina dönsku Lene Kaaberböl, sem skrifar Ávítarabækurnar, hafa notið vinsælda. „Eins hafa bækurnar um Artemis Fowl verið mikið lesnar. Þá rjúka Spiderwick og Eragon-bókaflokkarnir út.“

Áður en fantasíurnar ruddu sér til rúms voru að sögn Þorbjargar raunsærri bækur eins og bækurnar um Bert og Svan eftir sænsku höfundana Anders Jacobsson og Sören Olsson mikið lesnar en þær taka á daglegu lífi barna og unglinga með glettni og húmor að vopni. „Yngri börnin leita svo mikið að mér finnst í fyndnar bækur og lesa til að mynda Kaftein ofurbrók og Skúla skelfi af miklum móð.

En hvað með íslenskar barnabækur? „Sigrún Eldjárn gefur út bók á hverju ári og hún hefur meðal annars verið í fantasíum. Kristín Helga Gunnarsdóttir, Gerður Kristný og Björk Bjarkadóttir hafa líka verið afkastamiklar svo dæmi sé tekið. Í fyrra kom svo sprenging í unglingabókaútgáfu en ég held að þá hafi um sex frumsamdar unglingabækur litið dagsins ljós. Þær eru margar raunsæjar og taka á áleitnum spurningum sem unglingar standa frammi fyrir. Þannig bækur eru alltaf vinsælar. “

En á Þorbjörg von á því að bókaútgáfa og -lestur muni breytast í takt við þjóðfélagsástandið. „Ég hugsa nú að fantasíurnar haldi velli en það gæti þó verið að höfundar fari að skrifa raunsærri bækur. Það er svo aldrei að vita nema kreppan ýti undir sköpunargáfuna og að þeir sem gangi með höfundinn í maganum setjist við skriftir.“ *- ve*

# Ævintýrabækur eru langskemmtilegustu bækurnar

„Ég er að lesa Leyndardóma Snæfellsjökuls,“ segir Kolbeinn Rastrick sem er níu ára gamall lestrarhestur. „Hún er um mann og frænda hans sem ferðast að miðju jarðarinnar.“ Kolbeinn sá samnefnda kvikmynd fyrir stuttu og datt þess vegna í hug að lesa bókina sem er sígilt ævintýri eftir Jules Verne. Svo heppilega vildi til að pabbi hans, Ólafur Rastrick, átti hana en annars nær Kolbeinn sér oft í bækur á bókasafninu.

Kolbeinn lærði að lesa í fyrsta bekk í Vesturbæjarskóla og hefur verið duglegur að lesa síðan. „Skemmtilegast er að lesa ævintýrabækur eins og til dæmis Harry Potter og Narníubækurnar og Lord of the Rings,“ segir Kolbeinn sem bæði les mikið sjálfur en mamma hans, Sesselja Magnúsdóttir, les líka alltaf fyrir hann á kvöldin. Svo á hann yngri bróður, Martein, sem nýtur góðs af dugnaði Kolbeins við lesturinn. „Ég las fyrir hann Gúmmí Tarsan og svo hef ég lesið Bróður minn ljónshjarta fyrir hann.“

Kolbeinn velur sér stundum bækur á bókasafninu í Vesturbæjarskóla en lesstundir eftir frímínútur eru á meðal uppáhaldstímanna hans í skólanum. Þar fyrir utan finnst honum skemmtilegast í alls konar íþróttum. „Og ég er á námskeiði í skylmingum og í leiklist,“ segir hann að lokum. *- sbt*



**Kolbeinn niðursokkinn í lestur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

# jólahlaðborð

ÞRIÐJUDAGUR 11. NÓVEMBER 2008




NORDICPHOTOS/GETTY

Jólaveisla

Forréttur + aðalréttur + eftirréttur **Verð aðeins kr. 4.800.-**

Frábært fyrir starfsmannafélög og hópa

GAMLA VÍNHÚSIÐ

Vesturgata 4 - 220 Hafnarfjörður - **Sími/tel. 565 1130** - Fax. 565 5130






Við byrjum þann **21 Nóvember** með **Jólahlaðborðið** okkar góða og **Pálmar Ólason** mun koma gestum í **jólaskap** með sínum alrómaða **píanóleik**

**Verð**
Föstudaga og Laugardag Kr. 6.900,-
Fimmtudaga og Sunnudaga 2 fyrir 1
Fyrir hópa 20 og fl. í Hótelsal 10% afsl.

Pantið borð í síma **562 6766** eða **raudara@simnet.is**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is




„Við viljum ekkert vera að grobba okkur en það er viss stemning hér á Jómfrúnni sem fólk sækir í," segir Jakob. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byrja á síld og enda á osti

**Danskur jólamatur er víðfrægur enda hafa Íslendingar sótt í hann í stórum stíl yfir sundið. Danskt yfirbragð á slíkum mat er samt ekki langt undan því á Jómfrúnni í Lækjargötu er jafnan stílað upp á það.**

„Við erum ekki með hlaðborð heldur berum matinn á borð fyrir hvern og einn og bjóðum upp á jólamatseðil frá nóvemberlokum," segir Jakob Jakobsson, veitingamaður á Jómfrúnni. „Það sem er mjög vinsælt hjá okkur er svokallaður jólaplatti sem er sjö rétta diskur. Það er komin hefð á hann. Þar er meðal annars síld og ostur. Jólamáltíð að dönskum hætti byrjar alltaf á síld og endar alltaf á osti. Á diskinum erum við meðal annars með reykta önd, pörusteik, humarsalat og kalkún og íslenski hlutinn er hreindýrapaté. Svo er Riz à l´amande áttundi rétturinn." Auk jólaplattans segir Jakob fjöldann allan af öðrum jólaréttum í boði og nefnir hamborgarhrygg, andabrjóst og pörusteik. Einnig úrval síldarrétta. Fagfólkið þar verkar síldina sjálft og öll dressing er heimalöguð. „Við viljum ekki að okkar viðskiptavinir geti keypt sams konar síld úti í búð og við erum með á borðum," segir Jakob. „Því er allt saman gert á staðnum, eftir íslenskum og skandinavískum aðferðum."



Skammturinn er vel útilátinn á Jómfrúnni. MYND/KRISTJÁN



Gleðin við völd yfir góðum mat. MYND/KRISTJÁN

Jakob lærði matargerð í Danmörku og skýrir það að nokkru leyti hinar dönsku áherslur á Jómfrúnni sem hann og hans maður, Guðmundur Guðjónsson, hafa rekið frá 1996. Fræg eru djasskvöldin sem þeir efna til á sumrin en yfir jólamatnum skemmtir fólk hvert öðru. „Það er svo gaman þannig," segir Jakob. „Við viljum ekkert vera að grobba okkur en það er ákveðin stemning hér á Jómfrúnni sem fólk sækir í." Hann segir jafnan fullbókað fyrir jólin og á því er engin undantekning nú. „Sjaldan hefur verið eins mikið pantað," segir hann. „Ég býst við að fólk fari síður til Danmerkur eða annarra landa nú fyrir jólin en áður. Þá er um að gera að heimsækja íslensk veitingahús og gleðjast hvert með öðru í aðdraganda jóla."

Jólamatseðillinn á Jómfrúnni verður tekinn í notkun 28. nóvember og þá verður líka byrjað að hafa opið til tíu um helgar og þegar nær dregur jólum öll kvöld vikunnar.

*- gun*

# Jólakræsingar í Skíðaskálanum

Skíðaskálinn í Hveradölum er rómaður fyrir glæsilegt jólahlaðborð og verður engin undantekning þessi jól þar sem boðið verður upp á alls kyns gómsæta rétti.

„Má þar meðal annars nefna hreindýrapaté og graflax í forrétt, pörusteik, hangikjöt og hamborgarhrygg í aðalrétt og dýrindis eftirrétti að hætti matreiðslumannsins kvöld hvert," nefnir Vignir Guðmundsson hjá Skíðaskálanum í Hveradölum. Að hans sögn verður boðið upp á jólahlaðborð allar helgar frá 15. nóvember til 21. desember. Fimmtudagar eru innifaldir.



Jólasveinninn mætir í Hveradali á sunnudögum með glaðning handa börnunum. MYND/SKÍÐASKÁLINN HVERADÖLUM

„Við bjóðum upp á mat, skemmtiatriði og dansleik eftir mat, þar sem hljómsveit leikur fyrir dansi, og svo rútuferðir til og frá Hveradölum á föstudags- og laugardagskvöldum á 7.900 krónur. Jólahlaðborðið kostar síðan 5.900 krónur á fimmtudags- og sunnudagskvöldum en ekki er boðið upp á dansleik þau kvöld."

Vignir bætir við að frítt sé fyrir börn tólf ára og yngri í fylgd með fullorðnum á sunnudögum. „Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöld en þá kemur jólasveinninn meðal annars í heimsókn. Þess má líka geta að þótt hljómsveitin spili aðeins á föstudags- og laugardagskvöldum, þá spilar harmóníkuleikari öll jólahlaðborðskvöld."

Vignir segir að þegar sé töluvert búið að bóka, en þó sé eitthvað laust í nóvember og desember. Hægt er að panta sæti við jólahlaðborð Skíðaskálans með því að hafa samband í síma 567 2020 eða senda póst á skidaskali@skidaskali.is.

*- aóv*

# Jólalegast á Lækjarbrekku

**Aðventan er tími kræsinga. Jólahlaðborðin eru nú í fullum gangi og svangir sælkerar hafa úr nógu að velja.**



Lækjarbrekka í jólabúningi FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hef farið á jólahlaðborð á Lækjarbrekku árum saman og finnst þetta jólalegasta jólahlaðborðið,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Hrafn Gunnlaugsson þegar hann er inntur eftir því hvert hann sæki í góðan mat á aðventunni.

„Þarna er allt svo jólalegt. Húsið, kertaljósin og matreiðslan á þessum stað er til fyrirmyndar og þjónustan einstök. Ég hef farið víða á jólahlaðborð gegnum tíðina og í hvert skipti sem ég fer á aðra staði sannfærist ég um að þarna sé besta jólahlaðborðið. Stundum höfum við notað tækifærið og haldið upp á afmæli sonar míns á jólahlaðborðinu en hann á afmæli í desember. Svo eigum við það til að spandera á okkur einni til tveimur heimsóknum í viðbót þegar þannig viðrar.“

Hrafn segir nautatunguna og hangikjötið einstaklega gott. Matreiðslumenn Lækjarbrekku séu líka fremstir í að lagera hátíðasíld. „Ég er mikill síldarmaður. Íslendingar hafa aldrei verið góðir í að lagera síld en þarna er hún mjög góð. Annars fer ég ekki mikið út á veitingastaði en heimsæki stundum Hamborgarabúllu Tómasar með syni mínum. Hann er á þessum hamborgaraaldri. Þar fær maður líka bestu nautasteik í bænum sem ég er ekki viss um að margir viti af, alveg hræódýr.“



Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður sækir jólahlaðborðið á Lækjarbrekku á aðventunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður hvort hann sé fastheldinn á hefðir á aðventunni segist hann á árum áður oft hafa farið til Kaupmannahafnar fyrir jólin. Þá hafi hann skellt sér á julefrokost og í Tívolíið og stundum höggvið jólatré uppi í Heiðmörk þegar það var leyft.

„Annars er ég anarkisti og ekki mikið fyrir hefðir. Aðalhefðin er sú að hafa enga hefð og sú hefð að fara á jólahlaðborðið á Lækjarbrekku er undantekningin sem sannar regluna. Það er bara svo gott.“ *- rat*

# Gæðastundir fjarri skarkala borgarinnar

Hótel Örk hefur boðið upp á jólahlaðborð í fjöldamörg ár og aukast vinsældirnar með árunum.

Þetta árið er veislustjórn í höndum söngvara og skemmtikrafta í duett.is. Að borðhaldi loknu er lifandi tónlist með Hreimi og félögum úr Landi og sonum.



Á Hótel Örk er boðið upp á glæsilegt jólahlaðborð með skemmtun og lifandi tónlist. MYND/HÓTEL ÖRK

Jólahlaðborðið hentar jafnt einstaklingum sem hópum og er ágætis leið til að bregða sér úr skarkala borgarinnar eina kvöldstund. Boðið er upp á rútuferðir til og frá hótelinu fyrir stærri hópa, þeim að kostnaðarlausu, en auk þess er að sjálfsögðu hægt að bóka gistingu. Gisting, borðhald og skemmtun kosta 11.900 krónur á mann í tvíbýli en borðhald og skemmtun er á 6.900 krónur á mann. Hins vegar eru gerð sértilboð fyrir stærri hópa. Á hótelinu er að finna öll þægindi og þjónustu sem vænta má af góðu hóteli og eru þar fjölbreytt salarkynni sem henta mismunandi stórum hópum. Hlaðborðin hefjast föstudaginn 14. nóvember og eru alla föstudaga og laugardaga til og með 13. desember. Nánari upplýsingar má annars finna á vefsíðunni www.jolahladbord.is. *- hs*


## *Jólahlaðborð Veislunnar á Seltjarnarnesi í 20 ár*

Jólahlaðborð Veislunnar hefur í fjöldamörg ár notið mikilla vinsælda enda er ekkert til sparað til að skapa jólalegt andrúmsloft yfir glæsilegum veitingum í hæsta gæðaflokki

**Í tilefni af 20 ára afmæli Veislunnar bjóðum við tilboð á jólahlaðborðum okkar ef pantað er fyrir 19.nóvember**

**Við sendum jólahlaðborð Veislunnar hvert sem er, heim, á vinnustað eða í einn af okkar glæsilegu veislusölum.**

Veislan leigir út 2 glæsilega sali til veisluhalda og funda, alla daga vikunnar.

- Ferðafélags Íslands, í Mörkinni 6, Reykjavík,
- Félagsheimilið á Seltjarnarnesi, Suðurströnd

Öll aðstaða í báðum sölum er eins og best gerist með góðum hljómburði, píanó, skjávarpa og fullkomnu hljóðkerfi.

**Við erum byrjuð að taka við pöntunum núna í síma 561-2031 þú getur líka sent okkur tölvupóst á netfangið: veislan@veislan.is**

Upplýsingar um matseðil jólahlaðborðs er að finna á vefsíðu Veislunnar **www.veislan.is**

Hlökkum til að taka á móti ykkur í hátíðarskapi, starfsfólk Veislunnar.











VEISLAN VEITINGAELDHÚS

*Handverksbakarí - Veislueldhús - Smurbrauðstofa*

Veislan - Austurströnd 12 - Seltjarnarnes - Sími: 561 2031 - Fax: 561 2008 - www.veislan.is



Hin ýmsu menningarfélög standa fyrir jólaskemmtunum.

# Jólaskemmtanir fólks af erlendum uppruna

Menningarfélög fólks af erlendum uppruna standa oftar en ekki fyrir hinum ýmsu jólaskemmtunum á aðventunni.

Filippseyska félagið verður til að mynda með jólaskemmtun laugardaginn 13. desember í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Skemmtunin hefst klukkan 18 og stendur fram á nótt. Í kringum 200 til 250 manns hafa mætt á sams konar skemmtanir undanfarin ár. Í ár verður boðið upp á hlaðborð þar sem allir leggja sitt af mörkum, og þá bæði íslenskan og filippseyskan mat.

Þá heldur Sænsk-íslenska félagið jólaskemmtun í Norræna húsinu að vanda en þar verður hægt að gæða sér á heimagerðum sænskum jólamat á hlaðborði sem gestirnir eiga heiðurinn að. Fleiri menningarfélög standa fyrir svipuðum veislum en upplýsingar um þær má nálgast hjá Alþjóðahúsinu. *- ve*



Kona með barn undir belti þarf að velja af gaumgæfni það sem hún leggur sér til munns.

# Bannað fyrir barnshafandi

Konur með barni finna flestar fyrir óslökkvandi löngun í ákveðinn mat, verða fljótt svangar og kunna það eina dugandi ráð að slá á morgunógleði með því að næra blómstrandi kroppinn á því sem hugurinn girnist. Þær eru því staddar í gósenlandi við jólahlaðborðið, þar sem borðið svignar undan girnilegum forréttum, aðalréttum og eftirréttum, en þó ber þar margt að varast og við sumu sælkerafæðinu liggur hreinlega blátt bann.

Ófrískar konur mega alls ekki borða hráan fisk, eins og kryddlegna síldarrétti, grafinn eða kaldreyktan fisk, skelfisk, svartfugl eða hvers kyns hrátt kjöt, lifrarkæfu eða paté, ógerilsneydda mjólk eða hrá egg sem leynast í velflestum ábætisréttum og ís. Því er barnshafandi konum ráðlagt að skola vel ávexti og grænmeti áður en þær neyta þeirra.

Gangið því hægt um gleðinnar matardyr og hugsið ávallt um litla krílið sem dafnar í kúlunni áður en fyrir freistingum fallið. *- þlg*

# Möndlugrautur með glaðningi

Einn staðfastasti og ljúfasti ábætisréttur íslenskra jólahlaðborða er möndlugrautur í glæsilegri útgáfu undir nafninu riz à l´amande.

Á mörgum íslenskum heimilum er áralöng hefð fyrir möndlugraut í hádeginu á aðfangadegi jóla, en þá er um sparilegan grjónagraut að ræða, sem soðinn hefur verið í rjómablandi og í pottinum falin mandla sem geymir góðan glaðning fyrir þann sem hlýtur möndluna á diskinn sinn. Þetta er einkar vinsælt meðal yngri fjölskyldumeðlima og slær á óbærilegan spenning sem fylgir eftirvæntingu og bið eftir jólapökkunum.

Riz à l´amande er svo enn fínna afbrigði af möndlugraut þar sem hrísgrjón eru soðin í rjómablandi með vanillustöng og í ábætinn bætt við þeyttum rjóma, ristuðum möndlum, kirsuberjasultu, ferskum kirsuberjum og jafnvel hvítu súkkulaði áður en framreitt er. *- þlg*



Riz à l´amande í sparibúningi.


LAGERSALA!

50 - 80% afsláttur!



Vönduð garðhúsgögn frá Saccaro, Sun Furniture, Garden Signature og Royal Teak





Inni/úti flísar 30x30cm (áður kr. 1.980,- pr m2)

Nú aðeins kr. 990,-

Granítflísar, svartar, 15mm þykkar, stærð 60x100cm (áður 27.980,- pr m2)



Nú aðeins kr. 13.990,-



Vandaðir sólbekkir, verð frá kr. 11.960,-




Ótrúlegt úrval

Ótrúleg verð

Aðeins opið í nokkra daga

Verðdæmi:



Nú aðeins kr. 19.500,-

Signature borð og 4 stólar (áður kr. 97.500,-)

Lagersala Signature er einungis að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

Grípið tækifærið! OPIÐ:
Virka daga frá kl. 13 - 18
Um helgina frá 13 -17

Sími 565 3399

Signature ••• húsgögn

# Þroskandi og góðar lestrarstundir

**Næðisstundir þar sem börn og foreldrar lesa saman eru ekki einasta ljúfar heldur börnum einnig mikilvæg hvatning til lestrarnáms og bókaáhuga.**



Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir segir lestrarstundir foreldra og barna nauðsynlegar til að vekja áhuga barna á bókmenntum og hvetja þau í lestrarnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Lestrarstundir foreldra og barna næra sambandið, enda er fátt sem jafnast á við það að lesa saman og spjalla,“ segir Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, lektor í íslensku við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Anna kennir meðal annars áfanga í barnabókmenntum og þróun læsis hjá ungum börnum, og lætur sig því umgengni barna við bækur miklu varða.

Mikill hraði og langur vinnudagur hafa verið einkennandi fyrir íslenskt samfélag síðustu ár. Anna segir að næðisstundir séu öllum hollar, jafnt foreldrum og börnum, enda stuðla þær að því að ná ró á heimilið. „Slíkar stundir eru kannski sérlega mikilvægar um þessar mundir þegar það ríkir mikil streita og kvíði á mörgum heimilum landsins. Það þarf að reyna að hlífa börnunum við þessu andrúmslofti og þá er gott að taka bók og eiga góða stund saman. Það gefur börnunum einnig möguleika á að upplifa líkamlega nálægð við foreldra sína, sem skapar barninu öryggiskennd. Það getur jafnframt verið gott að reyna að eiga daglega lestrarstund með börnunum áður en þau fara að sofa. Þannig er hægt að gefa barninu tíma til að róa sig niður fyrir svefninn, sem leiðir til þess að það sefur betur.“




Einar Áskell og Snúður og Snælda hafa stytt mörgum íslenskum börnum stundirnar.

Flestir foreldrar hafa mikinn áhuga á lestrarframvindu barna sinna. Gott er að vekja áhuga barna á því að læra að lesa með því að kynna þau fyrir spennandi og áhugaverðum sögum. „Foreldrar eru fyrstu lestrarkennarar barna sinna og geta gert mikið til að hjálpa börnum af stað í lestrarnámi,“ segir Anna. „Þó að foreldrar kenni börnunum sínum ekki bókstafina samkvæmt kúnstarinnar reglum, þá er öll umgengni við bækur og texta mikilvæg í foreldrahúsum. Rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir heima eru fyrri til að læra að lesa en önnur börn vegna þess að ýtt hefur verið undir áhuga þeirra á stöfum og ritmáli. Foreldrar geta að auki verið góðar fyrirmyndir með því að lesa sjálfir sér til ánægju. Börn þurfa að sjá að bækur séu hafðar um hönd á heimilum og að lestri sé sýnd bæði virðing og áhugi.“

Þó svo að lestrarstundir foreldra og barna séu bæði þroskandi og góður skóli leggur Anna áherslu á að ekki megi gleyma því að þær eru líka skemmtilegar. „Það er gaman að lesa góða bók; hún getur gefið barni tækifæri til að skoða lífið frá ýmsum sjónarhornum sem það kynnist kannski ekki annars.“ *- vþ*




H. C. Andersen höfðar jafnt til barna sem fullorðinna.

## Úti er ævintýri

Bækur sem hafa notið vinsælda meðal barna undanfarin ár hafa oft verið byggðar á tölvuleikjum, bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Þegar kemur að því að velja bækur fyrir börnin víkja þær gömlu oft fyrir þeim nýju en ekki má gleyma að klassísk ævintýri Hans Christians Andersen standa fyrir sínu enn þann dag í dag.

Frumlegar og einlægar sögur danska rithöfundarins skapa ævintýraveröld fyrir börn jafnt sem fullorðna og fallega myndskreyttar bækurnar og vel þýddur texti ýta undir hugmyndaflug barna.

Ævintýri H.C. Andersen, þar á meðal Ljóti andarunginn, Litla stúlkan með eldspýturnar, og Nýju fötin keisarans, eru klassísk og hafa notið mikilla vinsælda víðs vegar um heiminn enda verið þýdd á mörg tungumál. *- aóv*

UPPÁHALDSBÓKIN

## Lína kennir og styrkir

Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur heldur mikið upp á Línu langsokk en hún segist hafa orðið margs vísari í lífsspekideild Astridar Lindgren og Línu. „Lína langsokkur er mín uppáhaldsbók allt frá því að ég kynntist henni fyrst þegar ég fékk hana í gjöf á níu ára afmælinu. Hún kennir svo ótal margt og styrkir. Hún minnti mig á að stelpur væru sterkar og gætu jafnvel verið sterkastar – dálítið sem okkur öllum er hollt að heyra reglulega,“ segir Kristín Helga glaðlega og bætir við: „Lífsspekideild Astridar og Línu kennir líka nemendum sínum að óttast ekki andstæðinga þótt ofurstórir gætu virst í fyrstu. Valdsmannslegum kraftajötnum er jafnvel hægt að kollvarpa svo þeir liggi afvelta eins og litlir grísir. Þá kenndi Lindgren, og kennir enn, að leita fjársjóða á ólíklegustu stöðum því ekki er allt sem sýnist og fegurðin og fjársjóðirnir leynast þar sem síst er von á og finnast ekki endilega í kistu fullri af gullpeningum.“




Fjórða bókin um Fíusól lítur nú dagsins ljós en hún hefur fylgt Kristínu Helgu í dágóðan tíma. „Fíasól er níu ára gamall hugmyndaflugmaður og flækjuhaus sem býr í Grænalundi í Grasabæ. Í nýjustu bókinni sem heitir Fíasól er flottust fáum við splunkunýjar fréttir. Fíasól lendir til dæmis í lygilegu sjóræningjarugli. Hún heldur upp á tækjalausa daginn og fer í endalausa útilegu. „Fíasól er flottust“ er fjórða bókin um Fíusól og fjölskyldu hennar og höfundarnir eru ferlega montnir af því að krakkar hafa tvisvar sinnum sæmt bækurnar um Fíusól Bókaverðlaunum barna,“ segir Kristín Helga að lokum brosandi en hún skrifar textann og Halldór Baldursson myndskreytir. *- hs*



Kristín Helga Gunnarsdóttir segir Línu langsokk sífellt koma sér til hjálpar í erfiðum aðstæðum og ákvarðanatökum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁLFAR OG MENN




Hugljúft ævintýri um samskipti manna og álfa eftir Guðnýju S. Sigurðardóttur. Dóttir hennar, Júlía Guðmundsdóttir, myndskreytti bókina þegar hún var níu ára. KEMUR ÚT Á FÖSTUDAGINN.

ALGER FREKJUDÓS!




Frábær saga um litla frekjudós sem lærir á endanum mikilvæga lexíu. **Bráðskemmtileg saga um stelpu sem veit ekkert hvað hún á að gera við skapið í sér.**

NÝR SKELMIR ENN BETRI!




Sjálfstætt framhald fyrstu bókarinnar um Skelmi Gottskálks sem kom út í fyrra og notið hefur mikilla vinsælda.

**Hörkuspennandi unglingabók.**

NÝ SPIDERWICKBÓK!

Nýjasta bókin í hinum geysivinsæla Spiderwick-bókaflokki. **Ævintýri handa krökkum á aldrinum 7-14 ára.**




NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# Umhverfisvænar barnabækur

Bókaforlagið Unga ástin mín lætur sig umhverfisvernd varða og gefur nú út tvær umhverfisvænar bækur prentaðar á vistvænan pappír með náttúrulegum prentlitum.

Barnabókaútgáfan Unga ástin mín ehf. var stofnuð á vordögum 2006 og sérhæfir sig í útgáfu vandaðra og þroskandi barnabóka. Forlagið hefur gefið út sautján bækur frá stofnun og hefur bætt við níu bókum nú fyrir jólin. Bókaforlagið lætur sig umhverfisvernd varða og segir Sara Hlín Hálfdánardóttir framkvæmdastjóri að framsækin skref hafi verið stigin í þeim efnum á árinu.

„Bækurnar okkar hafa meira og minna allar verið unnar úr sjálfbærum skógum en á þessu ári stigum við skrefinu lengra í átt að umhverfisvernd með útgáfu tveggja barnabóka sem eru prentaðar á endurunninn pappír með sojaprentlitum,“ útskýrir Sara en bækurnar sem um ræðir eru Góða nótt og Gott að borða í bókaflokknum Náttúrubörn. „Það liggur við að það megi borða þær,“ segir Sara og hlær. Bækurnar henta vel yngstu börnunum á aldrinum 0-3 ára og eru gagnvirkar.

„Í bókunum eru fallegar myndir af hlutum úr umhverfi barnsins ásamt skemmtilegum spurningum sem hjálpa því að víkka út sjóndeildarhringinn og auka við orðaforða. Bækurnar eru harðspjalda þannig að það má vesenast með þær og leika sér,“ segir Sara sem segir bækur forlagsins hafa hlotið frábærar viðtökur og því hefur útgáfan vaxið hratt.

*- hs*




Á bókunum er handfang sem hentar litlum lófum vel.



Sögustund á bókasafninu er góð afþreying.

## Sögustundir á söfnunum

Á mörgum bókasafnanna eru sögustundir í boði fyrir börnin.

Á Amtsbókasafninu á Akureyri er til dæmis sögustund alla fimmtudaga klukkan 16 og einnig síðasta laugardag í mánuði klukkan 14.

Á Bókasafni Kópavogs er sögustund alla miðvikudaga milli klukkan 10 og 11. Þar er hægt að panta sögustund fyrir hópa.

Á Borgarbókasafninu í Tryggvagötu er hægt að panta fyrir hópa og er sá háttur hafður á á öllum deildum safnsins. Þá eru einnig sýndar litskyggnur, föndrað og teiknað.

Á bókasafni Hafnarfjarðar er föst sögustund á miðvikudögum klukkan 10.30 en líka eftir þörfum fyrir hópa sem heimsækja safnið. Þar er einnig spilað á gítar og sungið.

*- rat*



Íslenskur hasar eins og hann gerist bestur. MYND/INGÓLFUR ÖRN BJÖRGVINSSON

## Rammíslenskar hasarhetjur

Hörðu pakkarnir eru gjarnan vinsælli hjá yngri kynslóðinni um jólin. Börn hafa lesið teiknimyndasögur áratugum saman og sökkt sér ofan í ævintýraheim hetja af ýmsum toga.

Þeir sem vilja kynnast ævintýraheimi rammíslenskra hetja geta nálgast Íslendingasögur á teiknimyndaformi en teiknimyndasögur hafa verið unnar upp úr Njálu. Alls hafa komið út fjórar bækur: Blóðregn, Brennan, Vetrarvíg og Hetjan. Höfundar eru Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson en Mál og menning gefur bækurnar út.

Teiknimyndasögurnar hafa notið ómældra vinsælda hjá jafnt yngri lesendum sem eldri og má kalla verðugt framtak að koma íslenskum hetjum eins og Gunnari á Hlíðarenda í hóp Súpermans, Batmans og Hulk.

*- rat*



## Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Linsumátun. Sendum í póstkröfu.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Skartgripagerð - Silfursmíði**
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málmum. Vinnum með íslenska steina. Tilvalið að búa til jólagjöfina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Tómas ehf**
Verktaki í vöruflutningum
Sími: 820-3880

**Heimsendinga Tilboð**
á að fara kaupa eitthvað stórt!
Fáðu okkur til að flytja það heim fyrir þig

**Sendibíll**
Verð pr.sending 2900kr

**Lítill lyftubíll**
Verð pr.sending 3800kr

**Stór lyftubíll**
Verð pr.sending 4700kr
Verð fyrir höfuðborgarsvæðið



**útsala! 40-60% afsláttur**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 821 6384.

## Heimilistæki

Fagor kæli og frystiskápur til sölu. 15.000 kr. hæð 170 cm. sími: 8980912

## Dýrahald

Óska að kaupa dverg Schnauzer. S. 615 0300 & 899 7909

2 páfagaukar + búr. Verð 5þús. 60l fiskabúr m/ljósi. Verð 4þús. S. 772 5290

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar**
**www.heimkynni.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

leiguíbúðir

Til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis www.leiguibudir.is

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

3 herb. íbúð með sérinng. í 104 Rvk. Uppþv., þvottav og þurkari. Nýuppg. 120 + rafm. hiti. Laus strax. Trygging 150 þ. Uppl. í s. 867 8871.

3 herb. íbúð, 82 fm í 201 Kóp. til leigu strax. Gott verð fyrir langtímaleigu. Leigist með húsgögnum. Uppl. í s. 847 7147 & 534 6713.

40 fm íbúð í 104 rvk. Sérinng. rafm. & hiti innifalið. Laus strax. 60þ. á mán. S. 844 1012.

Til leigu 2 og 3 herb. íbúð á sv. 101 og 111 með sérinng. Uppl. í s. 867 9403.

Herbergi til leigu með aðg. að eldh. og baðherb. Uppl. í s. 867 9403.

Einbýli í neðra Breiðh. 160fm, 4 stór svherb, V. 170 þ +raf/hiti uppl í s.698-1254

28 fm. íbúð í Hjallahv. kóp með öllu. Leiga 65þ. S. 848 9847.

Herbergi með eldhúsi til leigu í 101 rvk. net innifalið. Leiga 45 þús. á mán. Uppl. í s. 695 8636.

Til leigu 3ja herb. íbúð 83 fm. í Flatahrauni. Á jarðhæð með bílastæði í kjallara frá 1. des. V. 130 þús. 3 mán. fyrirfram eða banka trygging. S. 861 5060.

2 herb. 52 fm íbúð til leigu í 101. 115 þ. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 770 7654.

Námsmannaherbergi í einbýlishúsi í R 108. Fullbúið, 43 þús. S. 892 0844.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 25 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Laus 1. des. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

Til leigu 120 fm. 4 herb. raðhús í Grafarvogi nálægt Egilshöll uppl. í s. 820 7701.

**105 - laust strax**
Til leigu stórt og rúmgott herb. á góðum og rólegum stað í hlíðunum. Stutt í allar áttir. Sér arinn í herb. og stór afgirtur sólpallur. Sam. eldunaraðst., bað og þvottavél. Internet. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

herb. í Miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 35þ. S. 895 0482.

83 fm neðri hæð í tvíbýli v.Langholtsveg.3 svefnh. stofa m.eldhúskrók. Sér inng.garður,bílastæði. Má hafa 1 hund. laus strax -verð 125000 upplýsingar arinuk@mi.is s:8681543

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi með aðgang að öllu. Verð 45.000 per mán. Uppl. í s. 690 5838.

Available rooms for a long term rent, 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949

Til leigu stúdíoíbúð á svæði 110. Verð 80 þús. á mán. Uppl. í s. 898 4009.

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvóttavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608

Long stay rooms for rent. lobby@hotelvik.is 5885588

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

MOSFELLSBÆR Óska eftir 4ra herbergja íbúð í Mosfellsbæ, helst í hverfi sem tilheyrir Varmárskóla. Jóhanna - 895 6026

Lítil fjölskylda óskar eftir litilli stúdíó eða 2-3 herb. íbúð til leigu í hverfi 109 eða nágrenni. uppl. s. 696 4222

## Fasteignir

BÚSETI

## Sumarbústaðir

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

## Atvinnuhúsnæði

Njardvík , til leigu herbergi með aðstöðu að eldhúsi, baði , þvottavél og þurrkara 35000 pr mánud 2 mánudir fyrirfr. upplý s, 6622452

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Sími 894 1949

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymslugámar**
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakki.is

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffi Sólon**
Kaffi Sólon óskar eftir að ráða starfsmenn, aðstoð í eldhúsi, uppvask. Vantar einnig fólk á bar og í þjónustu um helgar. Tekið á móti umsóknum milli kl 15-18 í dag.

**Hár Expó**
Vantar þig stól? Er með laust pláss. Uppl. í s. 552 7170 og 690 3001, Ella eða staðnum.

Getum bætt við okkur smiðum. Uppl. í s. 860 0109.

Vantar grunnskólakennara í hlutastarf fyrir 2 börn 4-6 klst á viku. Metnaðarfullt nám umfram aðalnámskrá. Kennaramenntun og reynsla skilyrði. Netfang traustugrunnur@gmail.com

Óska eftir fólki til sölustarfa mjög góð sölulaun í boði. Uppl. í síma 661 7595.

Rauða Torgið leitar samstarfs við skemmtilegar konur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu". Góðir tekjumöguleikar fyrir yndislegar konur. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

Vanan háseta vantar pláss á sjó. Uppl. í s. 690 2416 eða 662 1229.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Þarft þú styrk inn í batann?
EKRON
STARFSÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING
www.ekron.is

## Einkamál

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Máni +Tóta**
Stefán Máni elskar Þórdísi Filipsdóttir

Óska eftir að kynnast manni með samband í huga. Uppl. í s. 8216384.

**Samkynhn. KK ath:**
Á Rauða Torginu Stefnumót er nú mikill fjöldi nýrra auglýsinga frá karlmönnum á öllum aldri sem leita kynna við karlmenn. Sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**Kona ATH!**
Leitar þú afþreyingar með karlmanni? Viltu eignast nýjan vin? Viltu spjalla við karlmenn á vandaðri spjallrás? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót með 100% leynd! Síminn er 555-4321.

## Þjónusta

**Dong Fang Salon kynnir:**



**Pantaðu þér Lúxus andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu létta fótsnyrtingu frítt með. Tilboðið gildir til 15. nóvember.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

## Þjónusta




## Tilkynningar



# Málþing Handarinnar

*Af erfiðleikunum vex maður.*

Mannræktarsamtökin Höndin halda málþing í Áskirkju, neðri sal, miðvikudaginn 12. nóvember klukkan 20.30.

Frummælandi er **Friðrik Pálsson,** hóteleigandi.

**Eyjólfur Magnússon**, formaður Handarinnar, flytur ávarp.

Fundarstjóri er **Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir,** alþingismaður.

Kaffi og umræður.

**Allir velkomnir.**






## Fyrirtækjasala

# Ýmiss fyrirtæki

**Höfum kaupanda af ýmsum fyrirtækjum sem ekki eru á skrá.**

- **Bón og þvottastöð. Eitthvað sem allir geta gert.**
- **Innflutningur á gjafavörum og blómum.**
- **Rótgróinn framleiðsla á hús-gögnum.**
- **Lítið iðnfyrirtæki með svampa og dínur. Skipti á bíl.**
- **Hef kaupanda af heildsölu með vörur í apótek.**

**Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni, ekki í síma eða á netinu.**

**www.fyrirtaeki.is**
***Elsta fyrirtækjasalan á landinu.***

**FYRIRTÆKJASALAN SUÐURVERI EHF.**
SÍMI 581 2040, FAX 581 4755, REYNIR ÞORGRÍMSSON.
**Lögg. fasteignasali: Bergur Guðnason hdl.**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Tilkynningar

# Norðfirðingafélagið
# 40 ára

Tónlistarveisla verður fimmtudaginn 13. nóvember kl. 20.00 í Fella- og Hólakirkju.

Aðgangseyrir kr. 1000, frítt fyrir 16 ára og yngri

Sýningin Úr fórum Norðfirðinga helgina 15. og 16. nóvember kl. 13.00 -17.00 í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju, sjá nánar um dagskrána á ***nordfirdingafelagid.is***

Stjórnin

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir byggðarlögin:
**Norðurþing ( Húsavík)**
**Norðurþing ( Kópasker)**
**Norðurþing ( Raufarhöfn)**

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir
**byggðarlögin:**
**Árborg (Eyrarbakki)**
**Vesturbyggð (Brjánslækur)**

Um úthlutunarreglur í ofangreindum byggðalögum vísast til reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggða-lögum sbr. auglýsingu nr. 1029/2008 í Stjórnartíð-indum.
Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiski-stofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heima-síðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2008.

Fiskistofa, 11. nóvember 2008.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Árvað 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar að Árvaði 1. Í breytingunni felst m.a. að verslunar- og þjónustulóðinni að Árvaði 1 er skipt upp í tvær lóðir, annars vegar Norðlingabraut 2 og hins vegar Árvað 1. Á milli lóðanna kemur stígur á borgarlandi og verður einnig gert ráð fyrir göngustíg sunnan lóðanna. Felld eru niður átta bílastæði á borgarlandi við Árvað. Á lóðinni Árvað 1 verður heimilt að reisa íbúðarhús á þremur hæðum með allt að níu íbúðum og 18 bílastæðum en á lóðinni Norðlingabraut 2 er byggingareit breytt, byggingamagn aukið, bílastæðum fjölgar úr níutíu og níu í eitt hundrað og tíu en heimil starfsemi sú sama og áður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkur-borgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 11. nóvember 2008 til og með 23. desember 2008**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. desember 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 11. nóvember 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 10-12 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



MATTHÍAS JOCHUMSSON SKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1835.

*„Lífið hefur föst tök á mönnum svo lengi sem sólin brosir á himninum og einhver vonarskíma lifir í hjartanu.“*

***Matthías Jochumsson samdi mörg ritverk og kvæði. Meðal verka hans er leikritið Skugga-Sveinn og kvæðið Lofsöngur sem varð síðar textinn við þjóðsöng Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. NÓVEMBER 1918

## *Pólland verður sjálfstætt ríki á ný*



Í fyrri heimsstyrjöldinni sammæltust bandamenn um að Pólland yrði sjálfstætt ríki á ný. Þá hafði Pólland ekki verið sjálfstætt í meira en 100 ár. Þegar fyrri heimsstyrjöldinni lauk, 11. nóvember fyrir 90 árum, varð Pólland sjálfstætt sama dag. 11. nóvember er því fullveldisdagur Pólverja.

Pólland var stórveldi um 1600 og eitt víðlendasta ríki Evrópu. Veldi þess fór síðan hnignandi. Því er helst um að kenna að konungsveldi ríkisins náði aldrei að verða sterkt heldur höfðu aðalsmenn mikil völd. Í héraðsþingum þeirra þurfti til dæmis bara einn aðalsmann sem vildi rjúfa þing til þess að það yrði leyst upp. Þeir voru líka oft á mála hjá nágrannaríkjum. Pólska ríkið missti smám saman lönd til nágrannaríkjanna og árið 1795 var Pólland máð út af landakortinu og því skipt milli Prússa, Rússa og Austurríkismanna.

Napóleon stofnaði pólskt ríki en eftir ósigur hans var ákveðið á Vínarfundinum 1815 að Pólland yrði undir stjórn Rússa.

Pólverjar undu hag sínum illa og gerðu oft uppreisn en sjálfstæðir urðu þeir ekki fyrr en fyrri heimsstyrjöldinni lauk.

### MERKISATBURÐIR

**1831** Nat Turner er hengdur í Virginíuríki í Bandaríkjunum fyrir að hafa staðið fyrir þrælauppreisn.

**1928** Iðnskólinn í Hafnarfirði er stofnaður.

**1962** Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Leikritið er sýnt 205 sinnum, fyrir fullu húsi.

**1965** Hvíti minnihlutinn í Ródesíu lýsir einhliða yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

**1975** Angóla fær sjálfstæði frá Portúgal.

**1992** Enska biskupakirkjan leyfir konum að verða prestar.

**2007** Rússneskt olíuskip brotnar í tvennt í miklum stormi í Svartahafi og veldur miklu tjóni.



**VERÐLAUNAHAFAR** Erla Jóhannssdóttir, bæjarstjóri Stykkishólms, (önnur frá vinstri) tók við verðlaununum í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardag en þau Ingibjörg Jóhannsdóttir, Hjálmar Sveinsson og Hjörleifur Stefánsson hlutu viðurkenningar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2008: DEILISKIPULAG STYKKISHÓLMSBÆJAR

# Verndun og varðveisla byggðar

Stykkishólmsbær hlaut á laugardaginn skipulagsverðlaunin 2008 fyrir stefnu og framfylgd á deiliskipulagi. Í deiliskipulaginu, sem nær til gamla miðbæjarins, er sett fram sú meginstefna að styrkja gamla bæjarkjarnann, þétta byggðina og skilgreina bæjarrými með það að markmiði að bæta við það sem fyrir er fremur en að gera gagngerar breytingar.

Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri Stykkishólms, segir verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir bæinn. „Þetta er mikill heiður og gaman að eftir því skuli vera tekið hversu vel hefur verið staðið að skipulagsmálum hér í bænum. Verðlaunin eru líka mikil hvatning fyrir okkur til að halda áfram á sömu braut.“

Húsakönnun Harðar Ágústssonar frá 1978 var meðal annars höfð að leiðarljósi við vinnslu skipulagsins en að gildandi deiliskipulagi unnu Gláma/Kím og Landslag. Í rökstuðningi dómnefndar segir að skýr áhersla sé lögð á verndun og varðveislu og að leitað sé samræmis milli bygginga, gatna og götumynda. Jafnframt segir að bæjaryfirvöld í Stykkishólmi hafi með stefnu sinni og framfylgd sýnt framsýni og skilning á menningarsögulegum og fagurfræðilegum verðmætum á landsvísu.

„Við höfum verið að þétta húsaraðir til að styrkja götumyndir og lagt meginlínur varðandi form, hlutföll og efnisval nýbygginga. Þá fórum við í yfirborðsfrágang eins og að helluleggja miðbæinn sem hefur mikið að segja. Nú er unnið að frekara deiliskipulagi meðal annars á hafnarsvæðunum og hvetja verðlaunin okkur til frekari dáða,“ segir Erla.

Skipulagsfræðingafélag Íslands veitir skipulagsverðlaunin annað hvert ár og að þessu sinni í samvinnu við Skipulagsstofnun. Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Auk verðlaunanna voru að þessu sinni veittar þrjár sérstakar viðurkenningar. Hjálmar Sveinsson, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu og umsjónarmaður Krossgatna, hlaut viðurkenningu fyrir þáttinn en í honum er tekið fyrir efni sem hefur margvíslega snertingu við skipulagsmál. Hjörleifur Stefánsson arkitekt hlaut einnig viðurkenningu. Hann hefur unnið ötullega að greiningu og mótun gamallar byggðar. Þá hlaut Myndlistaskólinn í Reykjavík viðurkenningu en hann hefur um árabil boðið upp á listasmiðjur eða listabúðir fyrir börn og unglinga þar sem nemendur fræðast um hús og borgir og móta hugmyndir sínar í fjölbreyttan efnivið.

**vera@frettabladid.is**



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kristrún Jóhanna Pétursdóttir**

Austurgötu 23, Keflavík,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 9. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ingi Hjörleifsson**
**Hjörleifur Ingason**
**Þorbjörg Sóley Ingadóttir** **Nikulás Úlfar Másson**
**Guðný Lára Ingadóttir** **Haukur Holm**
**Eva Björk Úlfarsdóttir** **Þóra Rún Úlfarsdóttir**
**Ingi Már Úlfarsson** **Kristrún Úlfarsdóttir**
**Starri Holm**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir og afi,*

**Haraldur Ragnarsson**

atvinnurekandi, Auðbrekku 32, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 4. nóvember. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa líknar- og vinarfélaginu Bergmál og Krabbameinsfélaginu að njóta þess.

**Perla María Hauksdóttir**
**Harpa Lind Haraldsdóttir**
**Berglind Haraldsdóttir**
**Ragnar Haraldsson**
**Halla Ósk Haraldsdóttir** **Róbert Örn Albertsson**
**Sigrún Elín Haraldsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Ragnar Haraldsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Helgi Magnússon**

Hjöllum 13, Patreksfirði,

lést þriðjudaginn 4. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 15. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Bent er á að laugardaginn 15. nóvember fer ferjan Baldur frá Stykkishólmi klukkan 9.30 og frá Brjánslæk sama dag klukkan 18.00.

**Bára M. Pálsdóttir**
**Sigurrós H. Ólafsdóttir** **Bjarki Pálsson**
**Þórdís S. Ólafsdóttir** **Ralf Sommer**
**Ólafur K. Ólafsson**
**Ingunn Ó. Ólafsdóttir** **Ulrik Overgaard**
**Kári Ólafsson** **Halldóra Þorsteinsdóttir**
**Auður A. Ólafsdóttir**
**Davíð P. Bredesen** **Gerður B. Sveinsdóttir**
**Gunnar S. Eggertsson** **Lilja Sigurðardóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ester Haraldsdóttir,**

sjúkraliði, Flétturima 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 3. nóvember. Hún verður jarðsungin miðvikudaginn 12. nóvember kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju.

**Vignir Þór Siggeirsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Haraldur B. Siggeirsson** **Margrét Á. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Karl Siggeirsson**
**Guðlaug Edda Siggeirsdóttir** **Helgi Hafþórsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**

*Ástkær faðir okkar, afi og langafi,*

**Guðmundur Þengilsson**

Furugerði 1, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 6. nóvember á bráðamóttöku Landspítalans, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Jón Kr. Guðmundsson**
**Pálína G. Guðmundsdóttir**
**Svanhvít Guðmundsdóttir** **Kjartan Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is




Flensborgarar fæddir 1958

Hittumst í Hellinum á Hótel Víking
laugardagskvöldið 15. nóvember kl. 21-23
Frítt inn!
Látið gömlu skólafélagana vita.

Skemmtinefndin.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



# Flísbylting er raunverulegur kostur

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Árið 1989 Tékkóslóvakar út á götur Prag. Sættu sig ekki lengur við ástandið. Berlínarmúrinn var fallinn, Sovét að hruni komið og þjóðin búin að fá nóg af úrræðalausum stjórnmálamönnum. Þetta var sýnt í sjónvarpi. Og maður hugsaði; aumingjans fólkið: Að hafa þurft að búa við svo vonlaus, bitlaus og huglaus stjórnvöld. Umpólunin var friðsamleg, frelsishetjurnar líktust mest í útliti gömlu íslensku kennarastéttinni, í bættum flauelsjökkum. Skammbyssur, fallaxir og pyntingatól voru víðs fjarri. Hinum spilltu og brotlegu var bara varpað í fangelsi. Mjög einfalt.



Þjóðin mótmælti kommúnismanum sem hafði dregið þjóðina ofan í svaðið. Íslendingar mótmæla á Austurvelli kapítalismanum, frjálshyggjunni, lögmálum markaðarins, einstaklingshyggjunni. Hugmyndafræðinni sem hefur dregið þjóðina ofan í skuldasvað. „Þetta er ekki kapítalismanum að kenna heldur kapítalistunum," sagði aðaltalsmaður hugmyndafræðinnar. Það sama og gamlir kommar segja þegar þeir reyna að halda uppi vörnum fyrir hið útópíska ríki sovét-sósíalismans og sveigja hjá grimmdarverkum Stalíns og allra hinna. Auðvitað. Þetta er ekki kerfinu að kenna, heldur mönnunum sem því stjórnuðu. Einmitt. Þeim hinum sömu og sitja enn við kjötkatlana.

Bankarnir hrundu og sá sem átti að passa upp á að það gerðist ekki situr enn. Gjaldeyririnn er horfinn. Sá sem átti að passa upp á að það gerðist ekki gerir það einnig. Atvinnulífið er farið fjandans til. Og þeir sem áttu að passa upp á að það gerðist ekki sitja enn þá. Meira að segja verkalýðsforkólfurinn sem ákvað að afskrifa skuldirnar og fékk fyrir það hálfa milljón á mánuði; hann situr enn.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 11. nóvember 2008**

### Fyrirlestrar

**12.00 Lögfræðitorg Háskólans á Akureyri:** Siglingar herskipa um íslensk hafsvæði Bjarni Már Magnússon flytur fyrirlestur í stofu L 201, Sólborg v/Norðurslóð.

**20.00 Hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands:** Júðar, negrar og tataralýður - ótti, ógn og meintir útlenskir óvinir Íslands. Hallfríður Þórarinsdóttir flytur fyrirlestur í fryrlestrasal Þjóðmingasanfins við Suðurgötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**20.00 Áskoranir, samvinna og siðgæði í lífssögurannsókn** Guðrún Valgerður Stefánsdóttir flytur fyrirlestur í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121, 4. hæð.

### Bækur

**Norræn bókasafnsvika**

**10.00 Guðrún Hannesdóttir** les Söguna af skessunni sem leiddist.

**15.30** Lesið fyrir grunnskólanemendur úr bókinni SMS från Soppero á sænsku.

### Tónlist

**20.00 Við slaghörpuna** Jónas Ingimundarsson leiðir fólk um undraheim tónlistarinnar með spili og spjalli eins og honum einum er lagið.

### Myndlist

**Þór Magnús Kapor** er með tvær sýningar. Í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem er opið virka daga frá kl.9-19 og um helgar kl. 12-18.
Café Haiti, Tryggvagötu 16. Opið virka daga frá 8.30-18, lau. 10-18 og sun. 14-18.



**Maggi Noem** sýnir verk í Tutti Bene, Skólavörðustíg 22b. Sýningin er opin alla daga kl. 14-18 og stendur til 21. nóv.

### Útgáfutónleikar

**20.30 Bestu kveðjur** Sprengjuhöllin verður með útgáfutónleika í Íslensku Óperunni við Ingólfsstræti.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Blóðug átök írskra bræðra

Þegar Martin McDonagh skaust upp á stjörnuhimininn fyrir hartnær tíu árum höfðu írsk leikskáld átt þó nokkru gengi að fagna: Tom Murphy, Frank McGuinness, Peter Sheridan, Conor McPherson, Declan Hughes og Marinu Carr – að ógleymdum Brian Friel. Örfá verk eftir þessi skáld hafa verið flutt hér á liðnum áratugum en gestir leikhúsanna hafa samt slitrótta mynd af því hvað hefur gerst í leikritun hjá frændum okkar Írum. Það er aðeins Martin einn sem hefur farið vel inn í plan leikhússtjóranna, enda eru verkin hans fyndin, átakasöm í meira lagi, hrottaleg og – fámenn. Þar er gamanið grátt: Í Vestrinu eina sem Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi á föstudag setur hann bræðravígssögu inn í hinn tilbúna bæ Leeane í Connemara og gerir úr dæmisögu um möguleika friðar milli einstaklinga sem hafa alla sína ævi borist á banaspjótum: Valene er þroskaheftur ungur maður sem safnar dýrlingastyttum, eldri bróðir hans, Coleman, sem hugsar mest um mat og drykk og hefur kúgað bróður sinn alla tíð, missir stjórn á sér í ofsaköst er minnst varir og þegar leikurinn hefst eru þeir bræður nýkomnir úr jarðarför föður þeirra sem lést af voðaskoti úr haglabyssu sem Coleman hélt á. Með þeim í för er presturinn í héraðinu sem vill öllu fórna til að þeir bræður láti af stöðugum erjum og átökum.

Öll verk Martins eiga sér ríka forsendu í kaþólskri trú og sá heimur er okkur framandi: við höfum ekki trúað á helvíti í nokkrar aldir en Írar gera það enn. Martin sviðsetur líf í Írlandi nútímans sem er leifar af hugmyndaheimi okkar um írsku eymdina, einangraða fátækt í niðurníddum sveitum og smábæjum. Sá heimur er víðsfjarri Írlandi þenslunnar sem við þekkjum einungis af afspurn, velmegun sem er býsna lík þeim veltiárum sem við höfum upplifað.



**LEIKLIST**

**Vestrið eina**

eftir Martin McDonagh
Þýðing: Ingunn Ásdísardóttir.
Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson.
Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir.
Lýsing: Þórður Orri Pétursson.
Tónlist: Hallur Ingólfsson.

★★★

Hrottalegt en skemmtilegt – hálftíma of langt.

Martin er flinkur höfundur, spinnur samtöl og átakapunkta af litlu efni, skapar sterkar og stórar persónur sem eru gróteskar í ofsalegum viðbrögðum af litlu tilefni. Hinn dramatíski heimur hans er aflokaður, stendur í stað. En hann gefur leikurum góð tækifæri til að búa til skýrar og skoplegar persónur. Erindið er ekki flókið og inntak verkanna einfalt. Og heimsmyndin er dökk.

Grunnurinn í Vestrinu er hin fordæmda sál og sáluhjálpin. Í sviðsetningu Jóns Páls Eyjólfssonar sem tekst í flestu vel er lögð rík áhersla á þennan þátt: yfirbót bræðranna um mitt verkið byggir alfarið á þeim grunni. Sýningin er of löng og dettur fyrir bragðið niður á köflum: auðveldlega má herða hana og stytta um nær hálftíma og nógu mörg augu eiga að vera í Borgarleikhúsinu núna til að sjá það fyrir.

Það er svolítil synd því hér eru afbragðsbrögð leikara í forgrunni: Björn Thors glansar þótt ég hafi nokkrar áhyggjur af brotinni hugsun í framgöngu hans sem víst kallar á snör og kvik hraðaskipti, en getur snúist í óvana ef hann gætir sín ekki. Þröstur Leó mun seint geta lýst af hreinni mannvonsku, en Coleman er hreint illmenni og ætti í raun að vera þrekmenni að burðum: Þröstur mun seint geta sýnt mann sem gerir flugu mein en tök hans eru vel hugsuð en ekki sannfærandi. Bergur Þór var afbragð í hlutverki aflausnarans og Kristín Þóra tekur nú að sýna þá miklu hæfileika sem leikhússtjórinn segir hana ráða yfir.

Leikmynd og búningar eru samkvæmt hugmyndinni um írsku eymdina sem er gamaldags hugsun. Tónlist er óþörf í sýningunni og gefur fullmikið tóninn um hvað áhorfendur geta ráðið af sjálfsdáðum. Rennandi vatn á sviðinu milli atriða er tilgerðarlegt og segir ekkert annað en að menn hjá LR 2008 ráði við að skrúfa frá krana. Hugmynd Ilmar um uppbyggðan pall á Nýja sviði og skekkt hús er snjöll en gengur nokkuð langt í hinni afdönkuðu eymdarhugmynd um Írland.

Sviðsetning Jóns á þessum gráa gamanleik er um margt vel heppnuð: skýr boðun, kröftugt málfar á þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur, heildstæð umgjörð og í flestu afbragðs leikaravinna, vel þess virði að sjá þó ekki væri nema til að fylgjast með hröðum þroska Björns Thors sem listamanns sem hér er eftirtektarverður.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**LEIKLIST** Jóhann Vigdís Arnardóttir syngur í dagskrá sem helguð er verkum Prévert.

# Nætursöngvar Parísar

Leikhópurinn Á senunni sýndi í Salnum í liðinni viku í tvígang söngverkið Paris um nótt. Annað kvöld er það sýnt í gamla Samkomuhúsinu á Akureyri . Paris at night byggir á ljóðum eftir Jacques Prévert og tónlist Joseph Kosma. Þau eru þýdd af Sigurði Pálssyni en hann var nýlega heiðraður fyrir trausta framgöngu í nafni franskrar menningar og hefur verið afkasdtamikill þýðandi meðal annars á ljóðum. Leikarar/söngvarar eru Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Felix Bergsson.

Sérstakur gestur á tónleikunum er Edda Þórarinsdóttir en hún lék og söng hlutverk Edith Piaf hjá Leikfélagi Akureyrar sællar minningar fyrir hartnær aldarfjórðungi, 1985. Hljómsveitin er undir stjórn Karls Olgeirssonar en auk hans eru í henni Róbert Þórhallsson og Stefán Már Magnússon. Leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir. Þess má geta að Karl OlgeirssonParis at night gekk fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu vor og haust 2004 og var sýningin tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir bestu tónlistina það ár. Plata með tónlistinni og völdum ljóðum kom út haustið 2004. Hana er enn hægt að nálgast hjá hópnum. Ljóðaþýðingar Sigurðar Pálssonar, Ljóð í mæltu máli, eru uppseldar. **- pbb**






**POPPARAR LEIKA Á ALS ODDI** Bubbi og Björn Jörundur sungu „Er völlur grær“ og léku á als oddi þegar þeir, ásamt öðrum þungavigtarmönnum úr rokkinu, kynntu tónleika í Laugardalshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lára til liðs við Bubba

**Fremstu popparar landsins voru mættir til að kynna tónleika sem eru liður í allsherjar gleðidegi sem ætlaður er til þess að leiða huga almennings frá ömurlegri stöðu efnahagsmála. Lára Ómarsdóttir skipuleggur kynningarmál.**



**LÁRA ÓMARSDÓTTIR** Segir gleðidaginn vera nokkuð sem höfði heldur betur til sín.

„Nei, nei, nei, ég er ekki orðin blaðafulltrúi Bubba. Þetta er bara eitthvað sem höfðaði mjög til mín þannig, einn allsherjar gleðidagur og ég ákvað að vera með,“ segir Lára Ómarsdóttir blaðamaður.

Blaðamannafundur var haldinn á Múlakaffi í gær þar sem einn allsherjar gleðidagur næstkomandi laugardag var kynntur. Hljómsveitirnar og tónlistarmennirnir Sálin, Ham, Buff, Baggalútur, Stuðmenn, Ný dönsk, Ragnheiður Gröndal og Bubbi Morthens ætla að troða upp í Laugardalshöll á tónleikum þar sem aðgangur verður ókeypis. „Já, upphaflega kemur hugmyndin frá Bubba. Frábær hugmynd. Ég hef tekið að mér að kynna þetta. Allir gefa vinnu sína, þar á meðal atvinnuleysinginn ég,“ segir Lára og hlær. Sjálf hefur hún verið í deiglunni á undanförnum mánuðum en hún hefur farið með ógnarhraða milli starfa. Frá því að vera fréttamaður á Stöð 2, til þess að vera blaðafulltrúi Iceland Express. Þaðan fór hún á 24 stundir sem voru lagðar niður, þá á Moggann til þess eins að fá uppsagnarbréf þar. Lára lætur þessar vendingar í atvinnumálum ekki draga sig niður. „Ég vil gera eitthvað skemmtilegt í lífinu. Við getum ekki bara legið í volæði og því höfðaði þetta til mín. Þetta verður alveg frábær dagur. Ég hlakka mikið til. Fjöldi fyrirtækja ætlar að vera með, bjóða upp á kaffi og með því, bakarar ætla að búa til samstöðubrauð ... allsherjarsamstaða í gleði. Gleyma í smástund pólitík og skemmta okkur saman,“ segir Lára. jakob@frettabladid.is


Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.30 og 10 - POWER | 12 |
| QUARANTINE | kl. 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE... | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO LOSE... | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 síð sýn | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RESCUE DAWN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40D - 8D | L |
| EAGLE EYE | kl. 10:20D | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. sýnd á lau. og sun. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MY BEST FRIEND'S GIRL | kl. 8 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 8 | L |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 500 KR

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 9 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 10.15 | 16 |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 | 10 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 -10.10 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR






## Jólahlaðborð á Hótel Örk



**Eigðu ógleymanlega kvöldstund á okkar sívinsæla jólahlaðborði**

- Stórsöngvararnir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld
- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tónlistarflutningur í höndum Hreims og félaga
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, þór og einstaklinga

**Verð:**
Gisting, borðhald og skemmtun 11.900 kr. á mann í tvíbýli

Borðhald og skemmtun 6.900 kr. á mann

Farðu inn á **jolahladbord.is** til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

Hótel Örk - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is HÓTEL ÖRK

# ÍSLENSK



## BÚÐU TIL ÞÍNA EIGIN CINTAMANI LOPAPEYSU




Veldu 3 liti hér fyrir ofan og við gerum þá litasamsetningu sem þér líkar best.
Sendu litina sem þú valdir ásamt nafni og símanúmeri á info@cintamani.is.
Pantanir til afgreiðslu fyrir jól þurfa að berast fyrir 15. nóvember.

Barna peysa kr. 14.990 - Dömu peysa kr. 19.990 - Herra peysa kr. 21.990.
Allar peysur eru án hettu.

Peysurnar eru handprjónaðar úr 100% íslenskum lopa. Þær eru með sérstöku
Cintamani mynstri og sniði. Rennilás er hægt að renna í báðar áttir.
Lopalínan frá Cintamani er handprjónuð á Íslandi af Handprjónasambandi Íslands.

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3800

## > Grétar Rafn í liði vikunnar

Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson var í gær valinn í lið vikunnar á heimasíðu Setanta Sports fyrir frammistöðu sína í 0-1 sigurleik Bolton gegn Hull um helgina. „Frábær leikmaður er hér á ferðinni. Þrátt fyrir að hann sé líkari eggi en fótboltamanni þá brotnar hann aldrei undan pressu. Þetta var enn einn leikurinn þar sem hann skilar frábærri frammistöðu og knattspyrnustjórinn Gary Megson hlýtur að krossleggja fingur í von um að stóru félögin reyni ekki að fá hann til sín,“ segir í umsögninni um Grétar.




# sport

sport@frettabladid.is

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON: HEFUR KEPPNI AÐ NÝJU Í EVRÓPUMÓTARÖÐINNI Í GOLFI EFTIR MEIÐSLI Í BAKI

## *Breytingar þurfti að gera á álaginu í sveiflunni*

Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG skipuleggur nú endurkomu sína til keppni í Evrópumótaröðinni í golfi eftir að hafa fengið grænt ljós á að hann haldi keppnisrétti sínum þar, en fyrsta mótið á nýju keppnistímabili fór fram um síðustu helgi. Birgir Leifur varð sem kunnugt er að hætta keppni í maí á síðasta keppnistímabili Evrópumótaraðarinnar vegna meiðsla í baki en hefur nú gengið í gegnum endurhæfingu og er fullur tilhlökkunar.

„Ég er kominn á fullt í æfingum og hef sett stefnuna á að hefja keppni í Evrópumótaröðinni á móti í Ástralíu í lok nóvember. Síðan taka við þrjú mót í Suður-Afríku í desember og janúar. Ég er mjög ánægður með hvernig mér hefur tekist að vinna úr þessum meiðslum sem voru að plaga mig þannig að þetta lítur bara vel út,“ segir Birgir Leifur.

„Ég þurfti að gera smá breytingar á álaginu í sveiflunni hjá mér til þess að vernda þann stað sem ég hef verið verstur í og ég er mjög ánægður með það. Svo nýtti ég tímann til þess að taka stutta spilið hjá mér algjörlega í gegn og það er eitthvað sem ég þurfti að laga og það á eflaust eftir að skila sér. Það verður gaman að fara af stað aftur og ég er bara nokkuð bjartsýnn,“ segir Birgir Leifur.



Kaupþing hefur dyggilega styrkt Birgi Leif í gegnum árin en það samstarf heyrir nú sögunni til. Kylfingurinn snjalli lætur það þó ekki á sig fá og ætlar bara að einbeita sér fyrst og fremst að því að standa sig á golfvellinum.

„Efnahagsástandið á Íslandi og í heiminum öllum hefur óneitanlega áhrif á það sem maður er að gera og samstarf mitt við minn aðalstyrktaraðila, Kaupþing, mun ekki halda áfram að svo stöddu. Ég hef ekkert kannað jarðveginn hjá Nýja Kaupþingi eða hvernig staðan er þar og ég held reyndar að það sé ekki rétti tíminn til þess núna. Þetta er vissulega kostnaðarsamt sport en maður hefur allavega möguleika á tekjum í þessu og ég ætla bara að einbeita mér að því að standa mig vel á golfvellinum. Þetta snýst bara um það.“




**STRÍÐINN** Frank Lampard skýtur á Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Frank Lampard, Chelsea:

## Man. Utd má nú ekki við tapi

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, nýtti tækifærið í viðtali við Evening Standard í gær til þess að skjóta létt á Manchester United en Chelsea er komið með átta stiga forskot á United eftir leiki helgarinnar.

„Við erum komnir með gott forskot á United og það er ánægjulegt þar sem síðustu tvö ár höfum við lent í því að elta þá. Það er ekki auðvelt að standa í því að elta vegna þess að þá máttu ekki tapa leik,“ segir Lampard. - óþ

Sky Sports um Portsmouth:

## Eigendaskipti fram undan?

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum fréttastofunnar Sky Sports er Alexandre Gaydamak, eigandi Portsmouth, í viðræðum við suðurafríska viðskiptajöfra um kaup á úrvalsdeildarfélaginu.

Samkvæmt breskum fjölmiðlum gæti tími Tony Adams í starfi knattspyrnustjóra hjá félaginu enn fremur orðið stuttur. Nöfn á borð við Slaven Bilic og Avram Grant hafa verið nefnd í umræðunni, ef af yfirtökunni verður. - óþ



**ÖRUGGUR** Stjórnarformaður City segir stöðu Hughes örugga. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjórnarformaður Man. City:

## Hughes er enn öruggur í starfi

**FÓTBOLTI** Khaldoon Al Mubarak, stjórnarformaður Manchester City, ítrekaði í gær að staða Mark Hughes sem knattspyrnustjóra félagsins væri ekki í hættu, en sögusagnir þess efnis að Hughes yrði rekinn fóru sem eldur um sinu í breskum fjölmiðlum í gær.

„Stjórn City ber virðingu fyrir Hughes og persónulega hef ég mikla trú á honum. Ég hef ekki lesið þessar blaðagreinar en þetta er alltént algjör skáldskapur og tómt rugl,“ segir Al Mubarak meðal annars á opinberri heimasíðu City. - óþ

# Ætlaði að standa sig á heimavelli

**Viktor Kristmannsson er í skýjunum með frábæran árangur á Norður-Evrópumótinu í fimleikum sem var haldið í Versölum um helgina. Viktor fékk brons í fjölþrautinni og komst í úrslit á öllum áhöldunum sex.**

**FIMLEIKAR** Norður-Evrópumótið í áhaldafimleikum fór fram með glæsibrag í Versölum um helgina og til að bæta á ánægju mótshaldara vann Viktor Kristmannsson brons í fjölþraut karla.

„Ég er svo ánægður með þetta að ég er bara í skýjunum,“ sagði Viktor í viðtali við Fréttablaðið í gær. „Ég er líka mjög ánægður með strákana í liðinu sem stóðu sig eins og hetjur,“ segir Viktor en alls komust fjórir aðrir í úrslit á áhöldum, þar af þrír strákar.

„Það var gaman að keppa hérna heima því það er svo allt öðruvísi,“ segir Viktor sem keppti fyrir troðfullu húsi. „Það hjálpaði rosalega mikið og það var alveg æðisleg stemning. Ég var mjög stressaður því ég vildi standa mig vel á móti hérna heima.“

Árangur Viktors sem er 24 ára gamall er hans besti á þessu móti á ferlinum. „Ég hafði best náð því að vera í tíunda sæti í samanlögðu og vera í úrslitum á tveimur áhöldum,“ sagði Viktor sem hefur keppt með landsliðinu síðan hann var ellefu ára gamall.

„Núna var ég í úrslitum á öllum áhöldum og lenti í þriðja sæti í samanlögðu. Þetta er langt umfram það sem ég stefndi á,“ segir Viktor sem gat ekki leynt gleði sinni .

Viktor gat samt auðveldlega svekkt sig yfir því að verðlaunin urðu ekki fleiri.

„Á svifránni munaði bara 0,1 sem er bara eins og ég hafi ekki náð að spenna eina tá. Á gólfinu munaði bara 0,05 stigum sem er ennþá minna,“ segir Viktor í léttum tón. Hann rétt missti líka af verðlaunum á tvíslánni þar sem hann endaði í 5. sæti „Ég gerði smá mistök á tvíslánni, þetta voru mjög lítil mistök hjá mér en það var svo mikið dregið frá mér fyrir þessi mistök. Annars hefði ég mjög líklega verið á palli þar líka. Smá mistök geta kostað mann þvílíkt,“ segir Viktor.



„Róbert stóð sig líka rosalega vel,“ segir Viktor en Róbert náði að slá honum við í æfingum á stökki. „Maður þarf aðeins að bæta sig þar,“ segir Viktor og keppnisskapið leynir sér ekki. „Ég gerði nýtt stökk sem ég hafði aldrei gert á ævi minni,“ sagði Viktor en hann þurfti að auka erfiðleikastuðulinn í stökkinu til þess að eiga möguleika í bestu mennina á mótinu.

„Ég vissi að strákarnir sem voru í fyrstu þremur sætunum voru að gera svo rosalega erfið og góð stökk. Ég gat ekki gert gamla stökkið því þó að ég hefði gert það hundrað prósent þá hefði ég ekki náð þeim,“ segir Viktor.

Viktor er kominn með nýjan úkraínskan þjálfara sem hann er virkilega ánægður með þrátt fyrir að hann hafi aðeins komið fyrir tveimur vikum. „Hann keppti fyrir sovéska landsliðið í gamla daga og það verður gaman að sjá hversu miklu hann nær að bæta við hjá okkur,“ segir Viktor sem ætlar sér enn lengra í fimleikunum.

Næsta mót er ekki fyrr en í byrjun mars en á næsta ári stefnir Viktor á að keppa á Evrópumótinu í Mílanó í vor, á Smáþjóðaleikunum á Kýpur í sumar og síðan á heimsmeistaramótinu í London næsta haust. „Nú ætla ég bara að reyna að bæta mig pínulítið á öllum áhöldum þannig að ég nái fyrsta sætinu næst,“ segir Viktor að lokum.

ooj@frettabladid.is



**Á SVIFRÁNNI** Það munaði bara einni beygðri tá, eins og Viktor Kristmannsson komst sjálfur að orði, að hann næði bronsverðlaunum á svifránni á Norður-Evrópumótinu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÍSLENDINGAR Í ÚRSLITUM Á NORÐUR-EVRÓPUMÓTINU**

**Viktor Kristmannsson, Gerplu**
3. sæti í fjölþraut
4. sæti á gólfi á svifrá
5. sæti á tvíslá og á bogahesti
7. sæti í hringjum og í stökki

**Róbert Kristmannsson, Gerplu**
5. sæti á gólfi
6. sæti í stökki

**Bjarki Ásgeirsson, Ármanni**
6. sæti á bogahesti

**Embla Jóhannesdóttir, Gróttu**
7. sæti á jafnvægisslá

**Ingvar Ágúst Jochumsson, Gerplu**
8. sæti á tvíslá

**Thelma Rut Hermannsdóttir, Gerplu**
9. sæti í fjölþraut

Ásdís Hjálmsdóttir komst hæst Íslendinga á lista yfir bestu afrek ársins 2008 í frjálsum íþróttum:

# Fjögur komust inn á heimslistann í ár

**FRJÁLSAR** Fjórir íslenskir frjálsíþróttamenn komast inn á lista yfir hundrað bestu afrek ársins í hverri grein fyrir sig en þetta kom fram á heimasíðu Frjálsíþróttasambandsins. Þetta eru Ármenningurinn Ásdís Hjálmsdóttir og FH-ingarnir Bergur Ingi Pétursson, Þórey Edda Elísdóttir og Óðinn Björn Þorsteinsson en þrjú þau fyrstnefndu tóku þátt í Ólympíuleikunum í Peking.

Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari úr Ármanni, er í 36. sæti á heimslistanum með Íslandsmetið sem hún setti í Lapinlahti í Finnlandi 29. júlí. Ásdís kastaði þá 59,80 metra sem er annar besti árangurinn á Norðurlöndunum á árinu. Aðeins Finninn Mikaela Ingberg náði að kasta lengra en hún er í 22. sæti heimslistanum með kast upp á 61,59 metra.

Bergur Ingi Pétursson, sleggjukastari úr FH, er í 61. sæti heimslistans með Íslandsmetið sem hann setti í Hafnarfirði 25. maí. Bergur Ingi kastaði þá 74,48 metra en hann bætti Íslandsmetið þá í þriðja sinn á árinu.

Aðeins tveir Norðurlandabúar náðu að kasta sleggjunni lengra en Bergur á árinu en það eru Finnarnir Ole-Pekka Karjalainen (79,59 m, 18. sæti) og David Söderberg (75,82 m, 49. sæti).

Þórey Edda Elísdóttir, stangarstökkvari úr FH, er í 65.-78. sæti heimslistans með 4,30 metra en hún hefur ákveðið að leggja afreksskóna á hilluna. Þórey Edda náði sínum besta árangri á Bikarkeppni FRÍ í Kópavogi 5. júlí. Þórey Edda er aðeins einum sentimetra frá því að ná besta árangrinum á Norðurlöndunum en finnska stúlkan Vanessa Vandy stökk yfir 4,31 metra á þessu ári.



**Í 36. SÆTI** Ásdís Hjálmsdóttir kastaði langt á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óðinn Björn Þorsteinsson, kúluvarpari úr FH, er síðan í 97. sæti listans með kast upp á 19,20 metra frá því í Hafnarfirði 10. júní. Þetta er fimmti besti árangurinn á Norðurlöndunum í ár en Finninn Robert Häggblom er með besta árangur á Norðurlöndum á þessu ári með 20,06 metra kast. - óój



**2,0 MÖRK Í LEIK** Guðjón Valur Sigurðsson, 17 ára Gróttumaður 1996-2007.

**MÖRK Í LEIK - ÁTJÁN ÁRA**

| | |
|---|---|
| Aron Pálmarsson | 8,5 |
| Arnór Atlason | 6,7 |
| Kristján Arason | 6,2 |
| Ragnar Óskarsson | 5,5 |
| Héðinn Gilsson | 4,4 |
| Dagur Sigurðsson | 3,9 |
| Patrekur Jóhannesson | 3,1 |
| Valdimar Grímsson | 2,8 |
| Logi Geirsson | 2,7 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 2,1 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 2,0/1,4* |
| Ólafur Stefánsson | 1,7 |

*** Lék ekki í efstu deild en þetta eru tölur frá tímabilunum á undan/eftir.**



**2,1 MÖRK Í LEIK** Snorri Steinn Guðjónsson, 18 ára Valsari 1999-2000.

# Aron slær öllum stjörnunum við

**FH-ingurinn Aron Pálmarsson er búinn að skora 59 mörk í fyrstu 7 leikjum sínum í N1 deild karla í handbolta. Hann er að skora talsvert meira en stærstu stjörnur íslenska handboltans gerðu á sama aldri.**

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson hefur byrjað feril sinn í efstu deild með miklum látum, það er ekki nóg með að þessi 18 ára FH-ingur sé búinn að skora 8,5 mörk að meðaltali í fyrstu sjö leikjum sínum í efstu deild þá hefur hann leitt FH-inga á toppinn og hjálpað liðinu til sigurs í fjórum af fyrstu sjö leikjum. Frammistaða hans hefur strax vakið upp vangaveltur um hvort hún eigi nokkra líka meðal bestu handboltamanna Íslands síðustu áratugi.

Það er einkum þrír kappar sem geta talist vera í sama flokki og Aron þegar kemur að markaskorun á sama aldri í efstu deild. Þetta eru þeir Arnór Atlason, Ragnar Óskarsson og Kristján Arason en þeir voru þó allir nokkuð frá þeim tölum sem Aron er að skila þessa dagana.

**Arnór, Kristján og Ragnar**

Arnór Atlason er sá sem kemst næst Aroni en hann skoraði 6,68 mörk að meðaltali með KA veturinn 2002-03 þar 7 mörk að meðaltali í leik í fyrstu sjö leikjunum.

Arnór var byrjaður að spila í deildinni mjög snemma og var sem dæmi með 5,3 mörk að meðaltali í leik árið á undan en þá varð KA einmitt Íslandsmeistari undir stjórn föður hans Atla Hilmarssonar. Arnór spilaði sína fyrstu leiki síðan veturinn 2000-01 þá aðeins sextán ára gamall.

Kristján Arason er ein allra skærasta handboltastjarnan sem hefur komið upp úr yngri flokkum FH og Kristján var farinn að spila mjög stórt hlutverk á sama aldri og Aron.

Þegar Kristján var átján ára gamall, tímabilið 1979-80, skoraði hann 87 mörk í 14 leikjum eða 6,21 mörk í leik. Kristján náði því þá að verða markakóngur deildarinnar en hann skoraði þá 11 mörkum meira en næsti maður á listanum. FH-liðið endaði í 2. sæti í deildinni á eftir Víkingi. Kristján lék sína fyrstu leiki tímabilið á undan og var þá með 21 mark í 7 leikjum eða 3,0 að meðaltali í leik.

Ragnar Óskarsson var kominn í stórt hlutverk hjá ÍR-ingum 18 ára gamall og skoraði 120 mörk í 22 leikjum með ÍR-liðinu tímabilið 1996-97 eða 5,45 að meðaltali í leik. Ólíkt þeim Aroni, Arnóri og Kristjáni þá var lið hans ekki að berjast um efstu sætin heldur í harðri fallbaráttu. Framganga Ragnars átti aftur á móti mikinn þátt í að ÍR bjargaði sér frá falli.

**Partrekur og Héðinn**

Patrekur Jóhannesson og Héðinn Gilsson voru eins og Aron komnir mjög fljótt inn í A-landsliðið sem og í stórt hlutverk hjá sínum félögum á þessum aldri.

Héðinn skoraði 4,4 mörk að meðaltali með FH 1986-87 og Patrekur var með 3,14 mörk að meðaltali í leik með Stjörnunni 1990-91.

Leikstjórnendurnir Dagur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Sigurður Gunnarsson hafa allir spilað stór hlutverk með íslenska landsliðinu en 18 ára gamlir voru þeir talsvert á eftir Aroni. Dagur (Valur 1991-92) skilaði þó mun meira en hinir eða 3,95 mörkum í leik, Snorri Steinn Guðjónsson (Valur 1999-2000) skoraði 2,07 mörk í leik en Sigurður (Víkingur 1977-78) fékk lítið að spila með hinu sterka liði Víkinga.

**Logi, Ólafur og Guðjón**

Logi Geirsson hefur tekið Aron eiginlega í fóstur og sér líklega sjálfan sig í stráknum.

Logi var þó langt á eftir Aroni þegar hann spilaði með FH 18 ára gamall tímabilið 2000-01. Logi skoraði þá 16 mörk í þeim 6 leikjum sem hann spilaði eða 2,67 mörk í leik.

Ólafur Stefánsson er markahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi en á sama aldri var Ólafur aðeins í aukahlutverki í sterku liði Vals. Ólafur skoraði þannig bara 1,68 mörk að meðaltali með Val tímabilið 1991-92. Guðjón Valur Sigurðsson spilaði með Gróttu/KR í 2. deildinni á sama aldri og skoraði þá 6,25 mörk í leik en hann var með 2,00 mörk að meðaltali á sínu fyrsta ári í efstu deild árið á undan. Árið eftir var Guðjón Valur kominn aftur í efstu deild en þá með KA þar sem hann skoraði 1,39 mörk að meðaltali í leik.

Eins og sést á þessarri upptalingu er frammistaða Arons Pálmarssonar einstök þegar kemur að jafnöldrum hans í enda ekki algengt að leikmenn nái að skora meira en átta mörk að meðaltali í leik hvað þá þegar þeir eru aðeins átján ára gamlir.

ooj@frettabladid.is



**6,2 MÖRK Í LEIK** Kristján Arason, 18 ára FH-ingur 1979-80.



**8,5 MÖRK Í LEIK** Aron Pálmarsson, 18 ára FH-ingur 2008-09. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**1,7 MÖRK Í LEIK** Ólafur Stefánsson, 18 ára Valsari 1991-92.



**5,5 MÖRK Í LEIK** Ragnar Óskarsson, 18 ára ÍR-ingur 1996-97.



**6,7 MÖRK Í LEIK** Arnór Atlason, 18 ára KA-maður 2002-03.

Arsenal og Manchester United í eldlínunni í enska deildarbikarnum í kvöld:

# Tækifæri guttanna að skína

**FÓTBOLTI** Fjórða umferð enska deildarbikarsins hefst í kvöld með fimm leikjum en þar ber hæst viðureignir Arsenal og Wigan annars vegar og Manchester United og QPR hins vegar.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, mun halda sínu striki hvað varðar deildarbikarinn og gefa ungum og efnilegum leikmönnum félagsins tækifæri en það hefur gefið sig afar vel hingað til. Arsenal slátraði Sheffield United 6-0 í þriðju umferð keppninnar en þá fór hinn nítján ára gamli Carlos Vela frá Mexíkó á kostum og skoraði þrennu. Hann verður í byrjunarliði Arsenal í kvöld.

„Hann hefur náttúrulega hæfileika, er snöggur, tæknilega góður og fljótur að hugsa. Nú vantar bara að hann sýni þessa grimmd og keppnishörku sem kemur með reynslunni og ég er sannfærður um að þá verði hann leikmaður á heimsmælikvarða,“ segir Wenger.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, hefur einnig gefið það út að hann ætli að gefa ungum leikmönnum tækifæri gegn QPR.

„Ég mun pottþétt gefa ungum leikmönnum tækifæri og fylla svo upp í liðið með leikmönnum úr aðalliðinu en þeir ungu leikmenn sem munu spila eru; Jonny Evans, Rodrigo Possebon, Darron Gibson, Danny Welbeck og Rafael da Silva,“ segir Ferguson en sá síðasttaldi skoraði eitt glæsilegt mark fyrir United í tapleiknum gegn Arsenal um síðustu helgi. - óþ



**CARLOS VELA** Verður í framlínu Arsenal í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP



**RAFAEL DA SILVA** Er að koma sterkur inn hjá United. NORDIC PHOTOS/AFP

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0D** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

## > Brenda Blethyn

„Ég held að fólk rugli saman velgengni og frægð og frama. Mér hefur til dæmis alltaf gengið vel þó að ég hafi ekki endilega verið fræg.“ Blethyn leikur í bresku myndinni On A Clear Day sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON LOFAR SPAUGSTOFUNA**

# *Lúðar; mokið ykkar flór*

Fáheyrður og óvæntur atburður átti sér stað á laugardaginn. Dagurinn var svo sem ekkert frábrugðinn öðrum laugardögum. Klukkan þrjú var horft á enska boltann, svo þann spænska og loks komu fréttir. Maður fékk að vita að nú væri þjóðin aðframkomin af bræði og heift. Nokkrir leyfðu sér þann munað að sleppa fram af sér beislinu og köstuðu eggjum í Alþingishúsið. Aðrir fóru aðeins fínna í sálmana og létu sér nægja að bera mótmælaspjöld.

En svo kom kraftaverkið. Eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það var nefnilega hlegið að Spaugstofunni. Hingað til hefur fjölskyldan sameinast fyrir framan sjónvarpið á þessum besta tíma íslensks sjónvarps af gömlum vana. Fyrir tuttugu árum var nefnilega Spaugstofan fyndin. Fyrir tíu árum var hún líka fyndin. En á undanförnum fimm árum hefur henni fatast flugið. Eiginlega brotlent. Hefur varla vitað í hvorn fótinn hún átti stíga. Einu sinni var Spaugstofan kærð. Það hefur ekki komið fyrir lengi. Henni tókst reyndar að reita til reiði fyrrverandi borgarstjóra fyrir ekki margt löngu.

En Spaugstofunni tókst sem sagt að galdra fram úr djúpum vösum sínum ansi gott grín. Tókst að skapa einhverja ádeilu, eitthvað með smá broddi. Lokasöngurinn var sennilega sá besti sem Örn Árnason hefur tekið þátt í: „Lúðar, mokið ykkar flór.“



**LOKSINS** Spaugstofunni tókst eftir langt hlé að galdra fram hlátur.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Arsenal - Wigan, BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ **21.00** Innlit / Útlit SKJÁREINN



▶ **21.15** Smallville STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25** Rannsókn málsins-Ferilskráin SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Bjargvætturin** (3:26)

**17.50 Latibær** (e)

**18.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Everwood** (21:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp og Debra Mooney.

**20.55 Með blæju á háum hælum** (Med slør og høje hæle) (4:6) Danskir ferðaþættir frá Austurlöndum nær. Anja Al-Erhayem fer með áhorfendur á staði sem fæstir vissu að væru til á þessum slóðum.

**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Rosalyn Higgins, forseta Alþjóðadómstólsins í Haag.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Rannsókn málsins - Ferilskráin** (Trial & Retribution XIII: Curriculum Vitae) (1:2) Bresk spennumynd frá 2007 í tveimur hlutum. Aðalhlutverk: David Hayman, Victoria Smurfit og Dorian Lough. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.

**23.35 Njósnadeildin** (Spooks)(7:10) (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Búi og Símon**

**10.00 Shopgirl**

**12.00 On A Clear Day**

**14.00 Elizabethtown**

**16.00 Búi og Símon**

**18.00 Shopgirl**

**20.00 On A Clear Day** Vönduð og áhrifarík bresk mynd um mann sem reynir að sigrast á minnimáttarkennd sinni og óöryggi með því að synda yfir Ermarsundið.

**22.00 An Officer and a Gentleman**

**00.00 Rumor Has It**

**02.00 Zatoichi**

**04.00 An Officer and a Gentleman**

**06.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (189:300)

**10.20 Grey's Anatomy** (34:36)

**11.15 Hell's Kitchen** (7:11)

**12.00 Grey's Anatomy** (7:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 The Complete Guide To Parenting** (5:6)

**13.45 The Shaggy Dog**

**15.35 Sjáðu**

**16.00 Saddle Club**

**16.23 Ben 10**

**16.43 Tutenstein**

**17.08 Ginger segir frá**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends** (24:24)

▶**20.15 Two and a Half Men** (15:19) Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn, með son sinn Jack.

**20.40 The Big Bang Theory** (13:17) Leonard og Sheldon eru eldklárir eðlisfræðingar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þegar þeir kynnast nágranna sínum, Penny, sem er einlæg, fögur og skemmtileg fara þeir að sjá lífið í nýju ljósi.

**21.05 Chuck** (11:13)

**21.50 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (8:9)

**22.35 The Daily Show. Global Edition**

**23.00 Kompás**

**23.30 Prison Break** (6:22)

**00.15 The Shaggy Dog**

**01.50 Sérafhin. un homme et son Péc**

**03.55 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (8:9)

**04.40 Chuck** (11:13)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst bakvið tjöldin.

**18.30 Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**19.10 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

▶**19.40 Enski deildarbikarinn** Bein útsending frá leik Arsenal og Wigan í enska deildarbikarnum.

**21.40 Bardaginn mikli** Joe Louis vs. Max Schmeling.

**22.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

**23.30 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Arsenal og Wigan í enska deildarbikarnum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.00 Vörutorg**

**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (23:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.10 Singing Bee** (8:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Að þessu sinni mætir starfsfólk Dominos og McDonalds til leiks. (e)

**20.10 Survivor** (6:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.

▶**21.00 Innlit / Útlit** (8:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.

**21.50 In Plain Sight** (8:12) Sakamálaþættir um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI - New York** (12:21) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri**

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Chuck



Drepfyndnir og hraðir spennuþættir sem hafa slegið í gegn hjá áskrifendum Stöðvar 2. Chuck Bartowski er ósköp venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
Chuck reynir að sætta sig við að Sarah beri enn sterkar tilfinningar til Bryce en hann verður að standa sig í sínu erfiðasta dulagervi til þessa þegar hann þarf að látast vera eiginmaður Söruh.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### IN PLAIN SIGHT

### SKJÁREINN KL. 21.50

Bandarísk sakamálasería um Mary Shannon vinnur fyrir vitnaverndina. Hún er tilbúin til að leggja ýmislegt á sig fyrir fólkið sem hún á að vernda og er góð í sínu starfi. Einkalífið er svo allt annar handleggur þar sem ástalífið gengur illa og hún á fullt í fangi með erfiða móður og ofdekraða systur. Í þættinum í kvöld deyr vitni, sem Mary á að vernda, í bílslysi og hún kannar hvort um morð sé að ræða.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Lostafulli listræninginn
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (56:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (57:260)
**17.00 Seinfeld** (22:22)
**17.30 Ally McBeal** (21:23)
**18.15 Smallville** (11:20)
**19.00 Hollyoaks** (56:260)
**19.30 Hollyoaks** (57:260)
**20.00 Seinfeld** (22:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
**20.30 Ally McBeal** (21:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶ **21.15 Smallville** (11:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 Men in Trees** (6:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (5:13)
**23.30 The Unit** (16:23)
**00.15 Help Me Help You** (5:13)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Í kallfæri** Umræðuþáttur í umsjá Jóns Kristins Snæhólms.
**21.30 Guðjón Bergmann** Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Aldrig mere fængsel **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Gribben, der rødmede **15.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Mig og min familie **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Wallander **22.30** Tennis. Legends Live **00.00** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Avd. Barn **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Dykk Olli, dykk! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen. Fossekallen - isbader i kjole og hvitt **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** Løvebakken

## SVT 1

**11.35** Toppform **12.50** Bara en kvinna **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Avalon Heights **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Tess och Ubbe **16.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.15** Slut för idag... tack för idag **16.30** Piggley Winks äventyr **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Packat & klart **19.30** Andra Avenyn **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** Psalmer från köket **22.35** Kulturnyheterna **22.50** Höök **23.50** Sändningar från SVT24


70.7%

33.4%




# Fréttablaðið stendur upp úr

## Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

## MORGUNMATURINN



*„Ég er ekki ein af þeim sem borða mikið á morgnana. Ég fæ mér AB-mjólk og brauð, banana eða eitthvað slíkt. Síðan tek ég alltaf lýsi.“*

María Lovísa Ragnarsdóttir fatahönnuður.

# Ásdís og Kolfinna hættar saman

„Jú, þetta er rétt. Alveg ótrúlega sorglegt að mínu mati,“ segir Ásdís Olsen en sjónvarpsþátturinn Mér finnst hefur verið lagður niður á ÍNN-sjónvarpsstöðinni í núverandi mynd. Þær Ásdís og Kolfinna Baldvinsdóttir munu nú stjórna hvor sínum þætti. Kolfinna verður á miðvikudagskvöldum með samnefndan þátt en Ásdís mun hins vegar halda Mér finnst-nafninu þótt þátturinn verði ekkert í líkingu við það sem áhorfendur þekkja til.

Fréttablaðið greindi frá því í maí á þessu ári að upp úr hefði soðið milli Ásdísar og Kolfinnu í beinni útsendingu. Meistari ljósvakans, Ingvi Hrafn, bar klæði á vopnin og sagði við það tilefni að Mér finnst væri flaggskip sjónvarpsstöðvarinnar. Hann hefur nú siglt því í höfn og tekið það í sundur. Enda sé það ekki við hæfi að borga fólki fyrir sínar pólitísku skoðanir. Ásdís tekur hins vegar skýrt fram að þær Kolfinna hafi grafið stríðöxina. Og að hún eigi eftir að sakna samstarfskonu sinnar.

Undir þetta tekur Kolfinna en hún hefur verið áberandi í þeim mótmælum sem fram hafa farið á Austurvöllum. Hún segir það ósköp skiljanlegt að svona skuli hafa farið. „Það lá í augum uppi að ég gæti ekki fengið borgað fyrir að sitja í sjónvarpsal og halda pólitískar ræður. Núna fæ ég bara að vera með minn eigin þátt. En án allra launa,“ segir Kolfinna.



**SKILJA Í SÁTT OG SAMLYNDI** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen hafa skilið að skiptum. Þær stjórna nú hvor sínum þættinum á sjónvarpsstöðinni ÍNN.



**SÉR Á EFTIR FLAGGSKIPINU** Ingvi Hrafn sagði að Mér finnst-þátturinn væri flaggskip sjónvarpsstöðvarinnar. Fáni þess hefur nú verið dreginn niður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** á fæti, **8.** krá, **9.** skref, **11.** fyrir hönd, **12.** stólpi, **14.** flatfótur, **16.** í röð, **17.** atvikast, **18.** hætta, **20.** rykkorn, **21.** mýkja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steypuefni, **3.** í röð, **4.** grænmeti, **5.** dýrahljóð, **7.** landeyða, **10.** mál, **13.** suss, **15.** framkvæmt, **16.** mælieining, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** il, **8.** bar, **9.** fet, **11.** pr, **12.** staur, **14.** ilsig, **16.** mn, **17.** ske, **18.** ógn, **20.** ar, **21.** lína.

**LÓÐRÉTT: 1.** gifs, **3.** áb, **4.** paprika, **5.** urr, **7.** letingi, **10.** tal, **13.** uss, **15.** gert, **16.** mól, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Viktor Kristmannsson.
2. Tæplega 5.000.
3. Slugs.

Auglýsingasími
512 50 50

- Mest lesið

RÚNAR EFF: VEKUR ATHYGLI Í DÖNSKUM RAUNVERULEIKAÞÆTTI:

# Ágætt að vera Íslendingur

„Þeim finnst voða spennandi að ég sé Íslendingur. Eins vont og það er að vera Íslendingur dag þá getur það verið ágætt líka,“ segir Akureyringurinn Rúnar F. Rúnarsson, eða Rúnar Eff, sem tekur þátt í danska raunveruleikaþættinum All Stars.

Þátturinn, sem hófst síðasta föstudag, er sendur út í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni TV2 á besta tíma og renna sigurlaunin öll til góðgerðamála.

Þátttaka Rúnars hefur vakið mikla athygli og hefur fjöldi tímarita og dagblaða spurt hann spjörunum úr, þar á meðal Se og Hör, auk þess sem hann hefur farið í nokkur sjónvarpsviðtöl. „Ég var að eignast litla stelpu og þeir eru mjög spenntir fyrir því. Þeir eru líka ánægðir með að ég geti sungið á dönsku þrátt fyrir að hafa verið stutt í landinu,“ segir hann en fjögur ár eru liðin síðan hann fluttist til Danmerkur.

Fjórar danskar poppstjörnur tóku þátt í fyrsta þætti All Stars og fékk hver þeirra að hafa tuttugu manna kór á bak við sig. Á meðal þátttakenda var René Dif úr hljómsveitinni Aqua, söngvarinn Peter Belli og einn þekktasti rappari Danmerkur, MC Clemens. Rúnar tekur þátt sem meðlimur í kór Clemens og í öðrum þættinum næsta föstudag verður Rúnar forsöngvari kórsins. Syngur hann þá einsamall hið vinsæla lag Kims Larsen, Johanna.

Um útsláttarkeppni er að ræða og ef Clemens og kór hans komast áfram á föstudag verður Rúnar einnig forsöngvari í næstu tveimur þáttum. „Þetta gekk rosalega vel og var agalega flott allt saman. Þetta var ægilega stórt svið og þarna var fullt af áhorfendum,“ segir hann um fyrsta þáttinn.

Rúnar, sem gaf fyrr á árinu út sína fyrstu sólóplötu, Farg, kvartar ekki undan athyglinni sem hann hefur fengið. „Þetta er mjög gott tækifæri og ég ætla að reyna að komast að með plötuna mína hérna úti. Þetta er rosalega fín kynning.“

freyr@frettabladid.is



**RÚNAR EFF** Tónlistarmaðurinn Rúnar Eff hefur vakið mikla athygli í Danmörku fyrir þátttöku sína í raunveruleikaþættinum All Stars.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** mun brátt taka við stjórnartaumunum á tímaritinu Nýju lífi af **Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur.** Ingibjörg er á leiðinni í þriggja mánaða fæðingarorlof og ætlar Hjördís að stýra tímaritinu á meðan. Ráðning Hjördísar í ritstjórastólinn mun þó aðeins vera tímabundin því Ingibjörg hefur allan hug á því að snúa aftur eftir mánuðina þrjá. Þá mun Hjördís færa sig aðeins neðar í goggunarröðina og gegna aðstoðarritstjórastöðunni.



**Gísli Örn Garðarsson** er loksins kominn á skrá yfir leikara í ævintýramyndinni Prince of Persía á kvikmyndavefsíðunni imdb.com. Fréttablaðið hefur fylgst grannt með gangi mála hjá Gísla en erfitt hefur verið að koma auga á þátt hans á Netinu. Nú er hins vegar þátttaka hans endanlega staðfest en meðal mótleikara hans í myndinni eru Ben Kingsley, Alfred Molina og Jake Gyllenhaal.



Þrátt fyrir að kreppan hafi lamað allt og alla þá er engan bilbug á Skagfirðingum að finna. Þeir eru nefnilega komnir vel á veg með grunninn að glæsilegri sundlaug sem þær stöllur **Steinunn Jónsdóttir** og **Lilja Pálmadóttir** ætla að gefa íbúum á Hofsósi. Sundlaugin á öll að vera hin glæsilegasta og ku efnahagsmoldviðrið ekki hafa nein áhrif þar á. Enda voru það forsetahjónin sem tóku fyrstu skóflustunguna að henni ásamt athafnakonunum. - fgg






# Þúsundir skora á Þorgerði

„Þetta er frábært. Ótrúlegur fjöldi. Undirskriftasöfnunin fór af stað fyrir rétt rúmri viku,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjás eins.

Þegar þetta er skrifað hafa tæp 34.500 skráð sig á undirskriftalista þar sem skorað er á Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að leiðrétta skakka samkeppnisstöðu á auglýsingamarkaði vegna stöðu Ríkissjónvarpsins þar. Er þetta líklega stærsta marktæka undirskriftasöfnun sem fram hefur farið á Netinu til þessa en gefa þarf upp kennitölu til að koma í veg fyrir misnotkun.

„Á hverju ári fær RÚV þrjú þúsund milljónir króna í forskot frá okkur skattgreiðendum og getur því notað þann pening til að yfirbjóða aðrar stöðvar við kaup á efni,“ segir í áskoruninni sem er afgerandi. Sigríður Margrét er ánægð með viðbrögðin en segir fjöldann í sjálfu sér ekki koma á óvart þegar litið er til þess að 80 prósent Íslendinga á aldrinum 12 til 80 ára horfa á Skjá einn í hverri viku. „Skjár einn veitir ókeypis afþreyingu sem skiptir afskaplega miklu máli í því umhverfi sem við búum í núna.“

Framkvæmdastjórinn er með tvö mál á sínu borði sem skipta sköpum um hvort Skjár einn lifir eða deyr. Annað eru endursamningar við erlenda birgja – hitt er hvort Þorgerður Katrín sjái ljósið að sögn Sigríðar. „Nú bíðum við þess að Samkeppniseftirlitið gefi ráðherra álit sitt. Þá segist Þorgerður hafa sett saman starfshóp sem á að skila af sér áliti um stöðu RÚV á auglýsingamarkaði. Þegar sú niðurstaða er fyrirliggjandi á að afhenda undirskriftalistana í þeirri von að Þorgerður taki rétta ákvörðun.“

Spurð hvort álit starfshópsins sé ekki „að setja í nefnd“-dæmi og út úr því muni aldrei koma neitt segist Sigríður Margrét ekki trúa því. Þetta mál hljóti að fá hraða afgreiðslu. „Annað væri ekki sanngjarnt gagnvart fólki sem hefur fengið uppsagnarbréf.“ - jbg



**SIGRÍÐUR MARGRÉT** Berst fyrir lífi Skjás eins og þar skiptir sköpum fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði. 34 þúsund skora á menntamálaráðherra að laga brenglaða samkeppnisstöðu.

# NÝ OG NÝLEG TÓNLIST Í SKÍFUNNI



Mamma Mia


Metallica



AC/DC


Kings Of Leon


Oasis


Slipknot



David Gilmour



Pussycat Dolls



Bob Dylan



Celine Dion



High School Musical 3



Katy Perry



Duffy


Pink



Coldplay



Katie Melua

**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**
**MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÓNLIST**

SKÍFAN
Nýtt upphaf

Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## Froskastríðið

Er þessari ólíkindaþjóð viðbjargandi? Hún stekkur á hvert agn sem heimsbyggðin dregur yfir Atlantshafið, hvort sem það er Sodastream eða flatskjáir og síðan þegar hún hefur kokgleypt það skammast hún sín fyrir bitann. Svo stekkur hún úr sjóstakknum þegar hún eygir von um betri veiði á öðrum miðum. Þá setur hún á sig bindið og selur verðbréf og norðurljós. Sjóferð sú endaði með því að stórþjóðir eru með háfinn á eftir okkur og ætla víst ekki að linna látum fyrr en við verðum roð- og féflett. Og þá finnst okkur nú við hæfi að fara í sjóstakkinn aftur.

**HEILL** kór sérfræðinga hefur undanfarna daga verið að reyna að vísa okkur veginn í hremmingunum. Þeir hafa þó hingað til gert lítið annað en rugla mig í ríminu þar til á sunnudag. Þá heyrði ég í einum sérfræðingnum enn. Hann var reyndar ekki að tala um okkur Íslendinga heldur ýmsar froskategundir. Þó að þessar verur hafi ekkert með bankahrunið að gera þá er saga þeirra slík að hún sannfærir mig um að við eigum eftir að komast í gegnum þetta og jafnvel nokkru ríkari en við vorum áður en þrautagangan hófst.

**ÞESSI** sérfræðingur er David Attenborough og nálgun hans er afar athyglisverð. Hann gerir sér strax grein fyrir því hvaða líffærum, limum og eiginleikum hver froskur býr yfir og því næst spyr hann hvernig honum áskotnaðist það allt saman. Og alltaf er það sama sagan; þeir þróa þetta með sér til að ná í æti sem er þeim næstum jafn nauðsynlegt og flatskjárinn er okkur Íslendingum. Eins þurfa þeir svo að þróa með sér eiginleika til að komast undan öðrum dýrum svo þeir verði ekki sjálfir að bráð. Nokkrir hafa reddað þessu með því að verða eitraðir en aðrir eru á litinn eins og laufblöðin þar sem þeir dvelja löngum. Eins segja ævintýrin að þeir geti tekið stökkbreytingum ef vel er gert við þá en það er önnur saga.

**ÞRÓUNIN** er nefnilega örlát við þá sem stökkva á eftir freistingunni, aðlagast hratt og þurfa að koma sér undan öflugum andstæðingi. Eitthvað hljótum við því að hafa borið úr býtum sem kemur sér vel í þessum hremmingum og ef þær eru jafn herfilegar og Jón Baldvin segir þá verðum við kannski komin með væng á rófubeinið þegar þær eru afstaðnar.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn
11. nóvember, 317. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.44 | 13.12 | 16.38 |
| Akureyri | 9.43 | 12.56 | 16.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


